

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 10/2012

Kæra Eddu Bjarnadóttur á ákvörðun Neytendastofu nr. [21/2012](#).

1. Þann 31. október 2012 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 10/2012: Kæra Eddu Bjarnadóttur á ákvörðun Neytendastofu nr. 21/2012 frá 16. apríl 2012. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 11. maí 2012, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 21/2012 frá 16. apríl 2012, þess efnis að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með miðlun og hagnýtingu atvinnuleyndarmála Karls K. Karlssonar ehf. Í ákvörðunarorðum segir: „[Kærandi] hefur brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að: • vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Karli K. Karlssyni ehf., • veita fulltrúum Bodegas Faustino nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu Karls K. Karlssonar ehf. og gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins og hagnýta sér þær upplýsingar til þess að vísa á Podium Import ehf. og • fullyrða við starfsmann A-B Inbev, viðskiptavin Karls K. Karlssonar ehf., að gjaldþrot blasi við Karli K. Karlssyni ehf. Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Eddu Bjarnadóttur bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá Karli K. Karlssyni ehf.“ Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi í heild sinni.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi lögmanns Karls K. Karlssonar ehf. til Neytendastofu, dags. 8. febrúar 2011, var kvartað yfir ætluðum brotum Eddu Bjarnadóttur gegn 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Ennfremur var þess krafist að Neytendastofa rannsakaði hlutdeild starfsmanna Landsbanka Íslands hf. í ætluðum brotum Eddu Bjarnadóttur. Farið var fram á að ætluð brot umræddra aðila yrðu rannsökuð og þeim refsað samkvæmt 26. gr. sömu laga. Til styttingar verður Karl K. Karlsson ehf., sem lagði inn kvörtunina til Neytendastofu, tíðast nefndur kvartandi hér á eftir, á meðan Edda Bjarnadóttir, sem kvörtunin og síðan hin íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun beindist að, er nefnd kærandi, enda leitar hún hér endurskoðunar á hinni kærðu ákvörðun.

5. Í bréfi kvartanda til Neytendastofu kemur fram að kærandi sé fyrrverandi forstjóri kvartanda, sem sé innflutningsfyrirtæki og flytji inn matar- og drykkjarvörur, áfengar og óáfengar, sælgæti og hreinlætisvörur. Frá árinu 2007 hafi kærandi gegnt starfi forstjóra fyrirtækisins en hún hafi þá starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2000, sbr. ráðningarsamning sem meðfylgjandi sé bréfinu. Hafi hún sagt upp störfum 30. apríl 2010 og lokið störfum 7. júní sama ár, sbr. samkomulag um starfslok sem meðfylgjandi sé bréfinu. Sem forstjóri hafi hún haft yfirumsjón með daglegum rekstri kvartanda og ráðið starfsfólk til fyrirtækisins, annast samskipti við lánardrottna, birgja o.fl. Stöðu sinnar vegna hafi hún haft aðgang að trúnaðarupplýsingum um starfsemi og atvinnuleyndarmál fyrirtækisins, m.a. um fjárhagsstöðu, veltutölur, helstu birgja og viðskiptavinum sem og viðskiptasamninga fyrirtækisins.
6. Í aprílmánuði 2010 hafi kærandi skyndilega ákveðið að segja upp starfi sínu hjá kvartanda og gefið þá skýringu að hún ætlaði að minnka við sig vinnu og hefja nám. Af þeirri ástæðu hafi engar athugasemdir verið gerðar við starfslokin en hún beðin um að ljúka tilteknum málum áður en hún hætti störfum. Skömmu eftir starfslokin hafi hins vegar komið í ljós að kærandi væri einn af stofnendum Podium ehf., þá Engjasmári ehf., en hún hafi ritað undir fundargerð félagsins f.h. nýrrar stjórnar, dags. 7. júní 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Starfsemi Podium ehf. sé „innflutningur, heildsölurekstur, kynningar, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur“, sbr. tilkynningu félagsins til hlutafélagskrár, dags. 9. júní 2010, sbr. útprentun úr hlutafélagaskrá sem meðfylgjandi sé bréfinu (hér er bersýnilega átt við Podium Imports ehf., sem er nafn félagsins). Það hafi því verið ljóst að kærandi hafi hafið störf hjá og verið hluthafi í fyrirtæki í beinni samkeppni við kvartanda sama dag og hún sagði upp störfum hjá fyrirtækinu. Fyrirliggjandi gögn bendi eindregið til þess að kærandi hafi skipulagt stofnun og starfsemi félagsins er hún hafi enn verið við störf hjá kvartanda, sbr. áðurnefnda fundargerð auk glærुकyningar sem meðfylgjandi sé bréfinu.
7. Framangreindu til stuðnings sé bent á að [X] hafi verið skráður framkvæmdastjóri Podium ehf. þann 7. júní 2010, en kærandi hafi skömmu áður ráðið hann til kvartanda eða í apríl 2010, þ.e. tveimur mánuðum áður en hann varð framkvæmdastjóri Podium ehf. Kærandi hafi ekki séð til þess að gera ráðningarsamning við [X]. Engar ráðstafanir hafi því verið gerðar af hennar hálfu til að vernda atvinnuleyndarmál og ríka hagsmunum kvartanda þrátt fyrir augljósar skyldur hennar þess efnis. [X] hafi látið af störfum hjá kvartanda um mánaðamótin apríl-maí 2010. Í störfum sínum hjá kvartanda hafi hann ferðast á vegum félagsins og átt fundi með helstu birgjum félagsins, m.a. Bodegas Faustino, sem hafi verið einn helsti birgir kvartanda. Það félag hafi rift viðskiptasamningi sínum við kvartanda án fyrirvara og farið með viðskipti sín yfir til Podium ehf. skömmu eftir stofnun félagsins. Augljóst sé að mati kvartanda að kærandi hafi ráðið [X] til starfa hjá kvartanda til þess eins að mynda tengsl við helstu birgja félagsins og ná þeim yfir til Podium ehf., enda hafi félagið eins og fyrr segi verið stofnað 7. maí 2010. Áréttað sé að [X] sé núverandi framkvæmdastjóri Podium og hluthafi félagsins með kæranda, sbr. glærुकyningu sem meðfylgjandi sé bréfinu. Þá hafi kvartandi fengið upplýsingar um það að Podium ehf. hafi pantað vörur frá framleiðandanum Bodegas Faustino á meðan kærandi var enn í starfi hjá kvartanda.

8. Fyrirliggjandi gögn bendi enn fremur til þess að kærandi hafi með ólögætum hætti nýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda og unnið markvisst að því að yfirtaka viðskiptasamninga við helstu birgja félagsins, o.þ.m.t. viðskiptavini kvartanda. Því til stuðnings sé vísað til eftirtalinnna atriða: Í fyrsta lagi liggja fyrir glærुकyningingur sem fundist hafi í tölvu sem kærandi notaði á meðan hún var í starfi hjá kvartanda. Glærुकyningingurinn, sem meðfylgjandi sé bréfinu, beri með sér að hafa verið undirbúin fyrir fyrirhugaðan fund kæranda með áður nefndum Bodegas Faustino, dags. 27. maí 2010, á meðan kærandi starfaði enn sem framkvæmdastjóri kvartanda. Kyningingurinn beri það skýrlega með sér að kærandi hafi nýtt sér trúnaðarupplýsingar um kvartanda, m.a. um skuldastöðu félagsins, samskipti við birgja, og annað, til þess að fá viðkomandi birgja til að eiga viðskipti við nýstofnað hlutafélag hennar, Podium ehf, sbr. nánar tilteknar glærur í kyningingunni. Í öðru lagi liggja fyrir að Podium ehf. hafi yfirtekið viðskiptasamninga kvartanda við framleiðendurna Maxxium, Stroh og Babco Limited, en allir eigi það sameiginlegt að vera fyrrum birgjar kvartanda, sbr. tölvupóst kæranda til núverandi framkvæmdastjóra kvartanda, dags. 10. janúar 2011, sem meðfylgjandi sé bréfinu.
9. Í þriðja lagi liggja fyrir tölvupóstar frá kæranda, sem meðfylgjandi séu bréfinu, til tengiliða helstu birgja kvartanda, þar sem dylgjað sé um meint gjaldþrot kvartanda og Ingvars J. Karlssonar, stjórnarformanns félagsins og hluthafa. Kærandi hafi staðfest að hafa sent umrædd bréf, sbr. bréf lögmans hennar, dags. 2. desember 2009, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Í tengslum við trúnaðarbrot kæranda sé lögð áhersla á að kærandi hafi haft allar upplýsingar um skuldastöðu kvartanda og meintar kröfur Landsbanka Íslands hf. á hendur honum og stjórnarformanni félagsins. Kæranda hafi jafnframt haft upplýsingar um að kröfunum hafi verið mótmælt og að lögfræðilegur ágreiningur væri um hvort kröfurnar ættu nokkurn rétt á sér. Sem dæmi hafi kærandi setið fund með stjórnarformanni og lögmanni kvartanda, þar sem lagt hafi verið á ráðin um hvernig bregðast skyldi við umræddum kröfum. Kærandi hafi einnig setið fund með sömu aðilum og fulltrúum Landsbankans vorið 2009, þar sem sjónarmiðum kvartanda hafi verið komið á framfæri. Staðhæfingar kæranda um meint gjaldþrot kvartanda vegna umdeilda krafna Landsbanka Íslands hf. séu að mati kvartanda rangar og sýni fram á einbeittan ásetning kæranda til að reyna að yfirtaka viðskipti kvartanda. Enn eitt dæmið um einbeittan ásetning kæranda sé símtal kæranda til lögmans kvartanda, skömmu fyrir starfslok hennar í júní 2010, til að spyrjast fyrir um samskipti lögmansins við Landsbanka Íslands hf. vegna krafna bankans á hendur áður nefndum stjórnarformanni kvartanda.
10. Í fjórða lagi liggja fyrir að kærandi hafi eytt öllum tölvupósti sínum úr starfi sínu hjá kvartanda, sem og öðrum rafrænum gögnum. Að mati kvartanda hafi gögnunum verið eytt til þess að reyna að dylja meint brot kæranda en gögnin hafi verið og séu eign kvartanda. Hins vegar eigi að vera hægt að endurheimta allan tölvupóst kæranda, sem kvartandi hyggist láta framkvæma á næstu dögum og verði hann þá afhentur Neytendastofu. Skipulegar og markvissar aðgerðir kæranda til að reyna að taka yfir viðskiptasamninga við birgja kvartanda, o.þ.m.t. viðskiptavini félagsins, hafi leitt til tug- eða hundruð milljóna króna tjóns fyrir félagið, auk ímyndarskaða sem örðugt sé að meta til fjár. Það sem í raun og veru hafi gerst með tilkomu Podium ehf. hafi verið að það fyrirtæki hafi sölsað undir sig hluta af starfsemi kvartanda og gert kæranda kleift að stofna fyrirtæki með örugga birgja og örugga veltu sem áður hafi verið í eigu kvartanda. Áður nefnd glærुकyningingurinn beri

Það skýrlega með sér að mati kvartanda að kærandi hugðist yfirtaka öll viðskiptasambönd kvartanda. Það sé því bráðnauðsynlegt fyrir kvartanda, sem og aðra vinnuveitendur, að meint brot kæranda verði rannsökuð og henni refsað lögum samkvæmt, en kvartandi hyggist höfða skaðabótamál á hendur kæranda í framhaldinu.

11. Með bréfi, dags. 23. nóvember 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu, hafi verið skorað á kæranda að viðurkenna skaðabótaábyrgð sína vegna þeirrar háttsemi sem greint hafi verið frá að framan. Með bréfi, dags. 2. desember 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu, hafi þeirri kröfu verið hafnað. Í svarbréfi kæranda komi hins vegar fram upplýsingar um að kærandi hafi „átt gott samstarf“ við Landsbanka Íslands hf. í tengslum við starfslok hennar hjá kvartanda. Í bréfinu komi einnig fram að til sé samningur á milli Landsbanka Íslands hf. og kæranda um störf hennar hjá kvartanda. Kvartandi hafi krafist Landsbanka Íslands hf. um upplýsingar um samstarf bankans við kæranda, sbr. tölvupósta sem meðfylgjandi séu bréfinu. Bankinn hafi neitað að verða við kröfunni. Í ljósi fullyrðinga kæranda um „gott samstarf“ við viðskiptabanka kvartanda sé nauðsynlegt að hlutdeild bankans í meintum brotum kæranda verði rannsökuð, sem og viðskiptasamband þeirra eftir að kærandi hætti störfum hjá kvartanda í júnímánuði 2010. Sérstök áhersla sé lögð á að Neytendastofa rannsaki hvort til séu tölvupóstsamskipti kæranda og starfsmanna Landsbankans, einkum nánar tiltekinna tveggja starfsmanna, en þeir séu báðir starfsmenn skilanefndar Landsbankans. Það veki sérstaka athygli kvartanda að „samstarf“ kæranda og Landsbankans hafi farið fram án nokkurrar vitundar stjórnar kvartanda, sem feli í sér gróft brot á trúnarðskyldum gagnvart félaginu. Áréttað sé að kvartandi hafi jafnframt sent inn kæru til Fjármálaeftirlitsins vegna hlutdeildar Landsbanka Íslands hf. í ætluðum brotum kæranda.
12. Starfsmaður sem fengið hafi vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu sé óheimilt að veita upplýsingar um þau eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bannið gildi í þrjú ár frá því að starfi sé lokið, sbr. 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Upplýsingar kæranda um fjárhagsstöðu kvartanda, birgja, viðskiptamenn og sölutölur séu allt trúnaðarupplýsingar í skilningi 2. mgr. 16. gr. c. Því til stuðnings vísist til athugasemda við 29. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 8/1993, en þar segi m.a.: „Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl.“ Sú háttsemi kæranda að hafa samband við áður nefnda birgja kvartanda og greina þeim, sem og öðrum frá fjárhagsstöðu hans flokkist sem brot gegn nefndu ákvæði, enda verði að líta svo á að kærandi hafi með því verið að „veita upplýsingar“ í skilningi 2. mgr. 16. gr. c. Sú háttsemi kæranda að hafa samband við birgjana, annars vegar, og að hafa yfirtekið viðskiptasamninga við þá, hins vegar, flokkist einnig sem brot gegn viðkomandi ákvæði, einkum í ljósi þess að kærandi hafi haft sérstaka þekkingu á umræddum birgjum, s.s. um tengiliði þeirra, og ítarlegar tölfræðiupplýsingar, s.s. sölutölur, álagningu o.fl. Kærandi hafi augljóslega verið að hagnýta sér þessar upplýsingar þegar hún hafi haft samband við viðkomandi birgja og óskað eftir viðskiptasambandi við þá, sbr. áður nefnda glærukyningu.
13. Kvartandi telji að Hrd. 5. nóvember 2009 (98/2009) eigi við sem fordæmi hvað varði ætluð brot kæranda. Í því máli hafi tveir starfsmenn verið dæmdir brotlegir gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005. Annar hafi starfað sem sölu- og markaðsstjóri en hinn séð um uppsetningu og viðhald á tilteknum

vörum sem verið hafi til sölu hjá vinnuveitanda þeirra, Volta hf. Brot þeirra hafi verið rökstudd með nánar tilgreindum hætti í dómi Hæstaréttar, sem rakinn er í bréfinu. Í lok bréfsins segir loks að þess sé krafist, að framangreindu virtu, að Neytendastofa rannsaki brot kæranda og refsni henni lögum samkvæmt. Vegna hagsmuna kvartanda sé þess krafist að rannsókninni verði hraðað eins og kostur sé.

14. Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. febrúar 2011, var kæranda kynnt framkomið erindi og óskað eftir athugasemdum og skýringum hennar við það. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 28. febrúar 2011. Þar er tekið fram að kærandi vilji áréttta, vegna kröfu kvartanda um að meint brot kæranda verði rannsökuð og henni refsað samkvæmt 26. gr. laga nr. 57/2005, að Neytendastofu sé ekki falið það hlutverk að lögum að beita þeim viðurlagaákvæðum sem mælt sé fyrir um í 26. gr. laganna. Einungis dómstólum sé falið það hlutverk. Krafa kvartanda um að Neytendastofa geri kæranda fésekt eða fangelsisrefsingu sé því ómarktæk og að engu hafandi. Eins og nánar verði rakið síðar séu ekki heldur heimildir til þess að beita stjórnvaldssektum vegna þessa máls, verði komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi gerst brotleg við 16. gr. c. laga nr. 57/2005.
15. Kærandi telji rétt að gera Neytendastofu grein fyrir forsögu málsins og málavöxtum. Því sé réttilega lýst í kvörtuninni að kærandi hafi starfað hjá kvartanda frá árinu 2000, en sem framkvæmdastjóri aðeins frá árinu 2007. Hún hafi verið ráðin framkvæmdastjóri eftir að hafa reynt að segja upp störfum hjá félaginu. Henni hafi farist nýja starfið afar vel úr hendi og mikil ánægja ríkt með störf hennar. Því sé réttilega lýst í kvörtuninni að meðal starfa kæranda hafi verið samskipti við birgja félagsins og lánardrottna þess. Þrátt fyrir að kærandi hafi leyst verk sitt vel af hendi hafi það ekki breytt því að rekstur félagsins hafi alla jafna verið mjög þungur. Þar hafi mestu ráðið ákvarðanir sem stjórnarformaður félagsins sé ábyrgur fyrir. Þetta hafi m.a. haft þær afleiðingar að oft hafi gengið illa að greiða erlendum birgjum og standa skil á vörslusköttum. Verulega hafi sigið á ógæfuhliðina hjá félaginu eftir svokallað bankahrun. Kærandi hafi þá viljað segja upp störfum á ný, er henni hafi orðið ljós heildarmyndin kringum félagið, en að samkomulagi hafi orðið að hún héldi áfram.
16. Í byrjun árs 2010 hafi verið haft samband við kæranda frá skilanefnd Landsbanka Íslands hf. Hafi henni verið tjáð að skilanefndin hygðist ganga að hlutabréfum í félaginu, sem hafi verið andlag fyrir skuldum eiganda félagsins við gamla Landsbankann. Nefndur eigandi og stjórnarformaður félagsins hafi ekki gefið sig að þessu máli og svo hafi farið að skilanefndinni hafi reynst ómögulegt að fá sig skráða sem hluthafa í hlutafaskrá félagsins, enda hafi þurft til þess atbeina stjórnarformannsins. Nokkru eftir þetta hafi kærandi enn farið að huga að starfslokum hjá félaginu, enda hafi blasað við að félagið myndi með sama áframhaldi ekki geta staðið skil á vörslusköttum og myndi hún bera lagalega ábyrgð ef til þess kæmi. Ekki lægi annað fyrir félaginu en að fara í þrot. Kærandi hafi því tilkynnt um uppsögn sína hjá félaginu í þriðja sinn, í lok apríl 2010. Ekki sé rétt að fyrir uppsögninni hafi verið gefnar þær ástæður að kærandi hafi ætlað að minnka við sig vinnu og fara í nám. Um þessar mundir hafi [X] gengið til liðs við félagið. Hann hafi verið ráðinn til félagsins í samráði og með samþykki stjórnar kvartanda. [X] hafi áður starfað í Þýskalandi sem yfirmaður hjá einum stærsta vándreifingaraðila Evrópu. Hlutverk hans hjá

kvartanda hafi fyrst og fremst verið að reyna að rétta af rekstur kvartanda og tala um fyrir birgjum, sem einn af öðrum hafi viljað slíta sig frá félaginu. Ekki sé rétt að kærandi hafi á þessum tíma verið farin að starfa fyrir félagið Podium Imports ehf. Ekki verði séð að nokkru skipti fyrir þetta mál hvenær það félag hafi verið stofnað, enda hafi félagið verið stofnað af Deloitte hf. en ekki af kæranda. Þá sé rétt að geta þess að kæranda hafi ekki verið óheimilt að eiga hlut í öðru félagi á meðan hún gegndi störfum fyrir kvartanda.

17. Í lok maí 2010 hafi kæranda borist skeyti frá spænska vínbirginum Bodegas Faustino, sem framleiði Faustino vín, einhver allra vinsælustu vínin í ÁTVR. Faustino hafi haft áhyggjur af því að hafa ekki fengið greidda reikninga lengi, sem og að kvartandi gæti ekki afhent vínin til ÁTVR á réttum tíma. Slíkt þýði að vínin detti út úr svokölluðum „kjarna“, en um tvö ár geti tekið að komast inn í kjarnasölu ÁTVR. Bæði kærandi og [X] hafi hitt þann aðila á fundi hinn 27. maí 2010, er hann hafi komi hingað til lands, og gert honum grein fyrir stöðu mála að hans eigin ósk. Á þeim fundi hafi komið fram, sem rétt hafi verið, að fjárhagsstaða kvartanda væri ekki að batna. Sömuleiðis hafi komið fram að bæði kærandi og [X] væru að hverfa frá störfum í fyrirtækinu eftir örfáa daga. Hins vegar hafi engin glærुकyning verið kynnt á þessum fundi, svo sem fullyrt sé í kvörtuninni. Fundinum hafi lokið og kærandi undirritað starfslokasamning við kvartanda hinn 7. júní 2010, sem meðfylgjandi sé bréfinu, þar sem kvartandi hafi lýst því yfir að félagið ætti enga kröfu á hendur kæranda og að starfslok hennar miðuðust við 1. júní 2010. Hinn 7. júní 2010 hafi kærandi svo hafið störf fyrir Podium Imports ehf. Alrangt sé að Podium Imports ehf. hafi pantað vörur frá Faustino á meðan kærandi hafi enn verið í starfi fyrir kvartanda. Þessi fullyrðing sé með öllu tilhæfulaus. Í desember 2010 hafi Landsbankinn lagt fram kröfu um gjaldþrotaskipti á hendur kvartanda, sem byggi á 5. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Landsbankinn hafi birt kvartanda áskorun sem félagið hafi ekki orðið við. Séu því allar líkur á að félagið verði úrskurðað gjaldþrota.
18. Flestir hinna erlendu viðskiptavina kvartanda hafi gefist upp á félaginu, aðallega vegna þess að þeir hafi ekki fengið greidda reikninga sína. Sumir þeirra hafi í kjölfar slíta á viðskiptasambandi sínu við kvartanda haft samband við kæranda og tekist hafi samningar um viðskipti. Aðrir hafi leitað annað. Þessu hafi kvartandi ekki viljað una og haft í hótunum bæði við hina erlendu aðila og kæranda. Hótanir þessar séu hins vegar innantómar. Þá hafi komið fram fáránlegar kröfur kvartanda á hendur kæranda um skaðabótaskyld tjón vegna starfa kæranda fyrir félagið, en eins og fyrr sé lýst sé í gildi yfirlýsing kvartanda um að hann eigi engar kröfur á hendur kæranda. Öllu verra sé þó að stjórnarformaður kvartanda hafi ekki látið sitja við að setja fram tilhæfulausar kröfur á hendur kæranda heldur dreift ósannindum og óhróðri um hana, m.a. um að félagið hafi kært hana til lögreglu fyrir fjárdrátt, sbr. bréf stjórnarformannsins til erlendra vínframleiðenda/birgja, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Kærandi hafi hins vegar fengið það staðfest hjá lögreglu að engin kæra hafi verið lögð fram, sbr. staðfestingu lögreglu sem meðfylgjandi sé bréfinu. Aðeins sé um ófrægingarherferð kvartanda að ræða, enda séu slíkar ásakanir með öllu rangar. Kvartandi telji að kvörtunin til Neytendastofu sé sprottin af sömu rót, þ.e.a.s. tilhæfulaus með öllu og aðeins tilraun kvartanda til að ófrægja kæranda. Að svo mæltu verði ávirðingum kvartanda nú svarað efnislega.

19. Kærandi hafni því alfarið að hafa brotið gegn ákvæðum 16. gr. c laga nr. 57/2005. Hafa verði í huga að meint brot, sem vísað sé til, eigi að hafa átt sér stað meðan kærandi gegndi ennþá störfum sem framkvæmdastjóri kvartanda. Samskipti við birgja hafi beinlínis verið hluti af starfi hennar. Kærandi hafi ekki tjáð sig umfram heimild um fjárhagsmálefni kvartanda við birginn Faustino, en á fundi þeirra hafi verið farið yfir mjög alvarlega skuldastöðu kvartanda gagnvart Faustino og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum að viðskipti héldu áfram milli aðila. Sem fyrr segi hafi engin glærुकyninging verið spiluð fyrir eða sýnd umræddum birgi. Áður en fundurinn með Faustino hafi verið haldinn, sem farið hafi fram fjórum dögum fyrir starfslok kæranda hjá kvartanda, hafi komið til álita að kynna stöðu kvartanda með þeim hætti. Eins og áður sé nefnt hafi kærandi getið þess á fundinum með Faustino að hún væri um það bil að hætta störfum fyrir kvartanda og að hún væri að hefja störf fyrir Podium Imports ehf. Þetta hafi henni auðvitað verið fullkomlega heimilt. Hins vegar hafi sú ákvörðun verið tekin fyrir fundinn að nota ekki umrædda glærुकyningingu til að fjalla um kvartanda, né ræða Podium Imports ehf. sérstaklega og hafi það því aldrei verið gert. Kærandi hafi auk þess talið að slíkt gæti mögulega verið í ósamræmi við starfsskyldur hennar hjá kvartanda. Umrædd glærुकyninging sé augljóslega vinnuskjal í drögum, sem ekki hafi verið klárað eða kynnt. Þannig sé hluti af þessari kynningu á íslensku og þrátt fyrir að eintak af henni hafi verið til staðar í tölvu kæranda sé það engin sönnun þess að kynningin hafi verið notuð á fundinum, enda hafi það ekki verið gert. Kærandi vilji heldur ekki útiloka að átt hafi verið við skjalið og því breytt eftir að hún skilaði inn tölvu sinni.
20. Hvað varði ásakanir um að þessi glærुकyninging innihaldi upplýsingar sem trúnaðarbrot hafi verið að fjalla um, þá sé það rangt. Verði reyndar ekki séð hvaða máli það skipti, þar sem glærुकyningingin hafi engum verið sýnd. Gögnin sem hins vegar sé að finna í glærुकyningunni séu þess eðlis og efnis að langur vegur sé frá því að umfjöllun um þessi atriði af hálfu kæranda hafi falið í sér trúnaðarbrot. Hafa verði í huga að fundur þessi hafi verið haldinn að frumkvæði og ósk birgisins Faustino, en hann hafi haft miklar áhyggjur af stöðu kvartanda, einkum þar sem skuldir félagsins við hann námu háum fjárhæðum. Almenn umræða um fjárhagsmálefni kvartanda við birginn hafi því ekki verið kæranda óheimil, enda hafi hún setið fundinn sem framkvæmdastjóri kvartanda. Kökurit sem sýni skiptingu einstakra birgja hefði verið eðlilegt að taka saman til að sýna styrkleika félagsins, hvaða vörumerki kvartandi selji og hver sé hlutdeild hvers og eins. Ekkert leyndarmál sé hvaða áfengistegundir kvartandi selji. Um það nægi að fara á heimasíðu félagsins. Af skiptingu milli einstakra birgja innan félagsins sé hægt að fá góða mynd með ýmsum hætti. Aðalatriði sé þó að þessar upplýsingar hafi margoft verið kynntar birgjum félagsins á fundum, til þess að kynna fyrirtækið og sýna styrkleika þess. Leynd um þessar upplýsingar hafi aldrei verið áskilin eða þess krafist að framkvæmdastjóri í starfi notaði þær ekki í rekstrinum, en slíkt sé nauðsynlegt, sbr. ummæli í greinargerð með lagaákvæðinu, til að birting upplýsinganna geti talist brot. Ef þessi glærुकyninging hefði verið kynnt Faustino á fundinum hefði það ekki falið í sér trúnaðarbrot gagnvart kvartanda. Önnur kökurit í glærudrögum, s.s. um markaðshluteild o.fl., eigi það öll sameiginlegt að vera upplýsingar sem keyptar hafi verið frá markaðsrannsóknarfyrirtækinu A.C. Nielsen. Geti hver sem er keypt þessar upplýsingar og hafi þær því ekki verið trúnaðarmál.

21. Skýrasta dæmið um að kvartandi hafi ekki fengið birginn Faustino til að hætta viðskiptum og koma í viðskipti til hennar sé uppsagnarbréf þessa birgis til kvartanda, en kærandi hafi vegna þessa máls fengið afrit af því bréfi frá Faustino og sé það meðfylgjandi bréfinu. Í uppsagnarbréfinu, sem dagsett sé 30. júlí 2010, þ.e.a.s. tveimur mánuðum eftir að kærandi lét af störfum fyrir kvartanda, sé að finna skýr rök birgisins fyrir uppsögninni. Þar komi fram að meginástæða uppsagnarinnar sé sú að ÁTVR hafi tilkynnt birginum að birgðir af víni Faustino væru búnar í verslunum ÁTVR og síðasta sending hefði borist 16. júní 2010. Augljóst sé af þessu að tilgangur allra hafi verið að viðskipti milli kvartanda og Faustino héldu áfram og hafi kærandi beinlínis unnið að því síðustu dagana áður en hún hætti. Í uppsagnarbréfi Faustino komi einnig fram að skortur á viðbrögðum kvartanda við þessum birgðaskorti hafi stefnt markaðshlutdeild Faustino á Íslandi í hættu og fjárhagslegt tjón birgisins væri mikið og óbætanlegt. Þá rifji birgirinn upp að síðustu ár hafi gengið afar brösuglega að fá reikninga greidda frá kvartanda og þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir hafi því ekki verið sinnt að greiða reikninga. Þá hafi birgirinn fregnað að margir yfirmenn hjá kvartanda hafi látið að störfum hjá félaginu. Birgirinn hafi því einfaldlega talið slíkar vanefndir vera fyrir hendi hjá kvartanda að honum væri ekki stætt á öðru en að slíta viðskiptasambandinu við félagið.
22. Af framangreindu megi vera ljóst að kærandi hafi ekki komið nálægt því að viðskipti milli þessara aðila rofnuðu og ekkert styðji slíkar ásakanir. Hins vegar hafi verið fyrir hendi nægar ástæður og vanefndir af hálfu kvartanda til að þess að umræddur birgir hafi fengið nóg af viðskiptum sínum við kvartanda og hann hafi séð fram á að glata allra markaðshlutdeild sinni á Íslandi vegna vanefnda kvartanda, en vín hans hafi verið selt á Íslandi í áratugi. Hann hafi því ákveðið upp á sitt einsdæmi að slíta viðskiptasambandinu. Það sé ekki svo að Faustino hafi flutt öll viðskipti sín yfir til Podium Imports ehf. í kjölfar þessa. Í dag hafi Vífilfell hf. umboð fyrir hið vinsæla Faustino vín og það félag hafi tekið við umboðinu að beiðni Faustino. Sé það enn ein sönnun þess að ásakanir um að kærandi hafi sölsað undir sig þessi viðskipti séu ósannar og rakalausar. Sem fyrr segi séu einnig algjörlega ósannar ásakanir kvartanda um að Podium Imports ehf. hafi pantað vörur frá þessum birgi meðan kærandi gegndi störfum sem framkvæmdastjóri kvartanda, enda hafi Faustino verið með samning við kvartanda fram til júlíloka 2010.
23. Eins og fyrr sé rakið hafi kærandi hætt störfum fyrir kvartanda hinn 1. júní 2010, sbr. starfslokasamninginn sem meðfylgjandi sé bréfinu, og hafi hafið störf fyrir Podium Imports ehf. viku síðar eða hinn 7. júní 2010. Félagið reki svipaða starfsemi og kvartandi, en sé þó eingöngu í vinninnflutningi. Hvergi í samningi aðila sé kæranda bannað að starfa í samskonar rekstri og kvartandi eftir starfslok hennar hjá félaginu. Sömuleiðis hafi hún á engan hátt undirgengist að afsala sér rétti til þess að eiga hlut í félagi eins og Podium Imports ehf., á meðan hún gegndi störfum fyrir kvartanda. Þetta skipti miklu máli, eins og nánar sé reifað í ákvörðun Neytendastofu 15. febrúar 2011 (4/2011) og ákvörðun Neytendastofu 5. mars 2009 (5/2009). Í fyrrnefnda málinu hafi Neytendastofa bent á að sú krafa hafi ekki verið gerð gegn þeim starfsmanni sem félagið S kærði til Neytendastofu, að hann starfaði ekki í samkeppni við S, léti hann af störfum hjá félaginu. Það hafi því ekki getað talist brot gegn ákvæðum 16. gr. c laga nr. 57/2005 að hann stofnaði eigið félag áður en hann lét af störfum fyrir S, í þeim tilgangi að starfa í samkeppni við S. Áréttað sé að kærandi hafi ekki stofnað Podium Imports ehf. og ekki hafið störf hjá því fyrr en eftir að hún

undirritaði starfslokasamning við kvartanda. Þá sé hvergi bann við því að hún starfi á sambærilegum eða sama starfsvettvangi og kvartandi eftir að hún láti af störfum fyrir hann. Séu því engin efni til að líta á aðkomu hennar að Podium Imports ehf. sem brot gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005.

24. Það sé rangt sem fullyrt sé í kvörtuninni að Podium Imports ehf. hafi yfirtekið viðskiptasamninga kvartanda við framleiðendurna Maxxium, Stroh og Babco Ltd. Ekki sé rétt að slíkt komi fram á því fylgiskjali sem kvartandi vísi til. Það skjal sé tilkynning til ÁTVR um að Podium Imports ehf. hafi gert nýja samninga við þessa aðila og tekið yfir dreifingu á vörum þeirra. Samningur kvartanda við þessa aðila hafi því ekki verið yfirtekinn af Podium Imports ehf. Skeyti sem kvartandi vísi til sé auk þess dagsett 10. janúar 2011, löngu eftir að kærandi hætti hjá kvartanda. Það sem gerst hafi í millitíðinni sé að þessir erlendu aðilar hafi allir gefist upp á kvartanda. Samkvæmt því sem Maxxium hafi nú upplýst Podium Imports ehf. um, hafi félagið sagt upp samningi sínum við kvartanda í september 2010 vegna ítrekaðra og alvarlegra vanefnda kvartanda um að standa við samningsskyldur sínar. Kvartandi ætti að eiga afrit af uppsagnarbréfinu frá Maxxium í sínum fórum. Félagið hafi svo haft samband við Podium Imports ehf. að fyrra bragði og óskað tilboða í viðskipti.
25. Hið sama hafi gerst með Stroh, að félagið hafi leitað tilboða hjá Podium Imports ehf., eftir að hafa sagt upp samningi sínum við kvartanda í september 2010. Samkvæmt því sem Stroh hafi tjáð Podium Imports ehf., hafi samningi við kvartanda verið sagt upp vegna þess að kvartandi hafi ekki getað afhent vörur þeirra til ÁTVR, sem talist hafi alvarleg vanefnd og forsenda viðskipta á Íslandi að ávallt væru til vörur hér. Loks hafi birgirinn Babco Ltd. leitað eftir viðskiptum við Podium Imports ehf. í desember 2010, en um svipað leyti muni hann hafa rift samningi sínum við kvartanda vegna ítrekaðra og alvarlegra vanefnda hans. Hafi þá þegar verið komin fram gjaldþrotaskiptabeiðni á kvartanda. Ljóst sé af þessu að alrangt sé að Podium Imports ehf. hafi yfirtekið eða sölsað undir sig viðskiptasamninga kvartanda við þessa aðila. Í öllum tilvikum hafi hinir erlendu aðilar ákveðið að segja upp eða rifta sínum samningi við kvartanda, án nokkurrar aðkomu kæranda eða Podium Imports ehf. Fleiri hafi gert slíkt hið sama. Sem fyrr segir hafi þessir þrír aðilar leitað til Podium Imports ehf. með viðskipti. Engar trúnaðarupplýsingar kvartanda hafi verið nýttar í tengslum við það, enda vandséð í hvaða tilgangi það hafi átt að vera. Aðrir birgjar séu í viðskiptum annars staðar.
26. Hvað varði tvenn framlögð skjöl með tölvupóstum kæranda til tengiliða birgja, þá sé annað skjalið einungis samskipti á milli þriggja aðila, þ.e.a.s kæranda, starfsmanns erlends birgis og starfsmanns kvartanda. Samskipti þessi endurspegli að þessi birgir hafi haft samband við kæranda og boðað komu sína til Íslands og óskað eftir fundi með henni. Þessi starfsmaður hafi ætlað að funda bæði með kæranda og kvartanda, sem og mögulega fleiri aðilum. Í þessum tölvupósti komi einungis fram samskipti um fundartíma og ekkert sé óeðlilegt við það.
27. Hvað varði hitt skjalið þá sé forsaga þess sú að kærandi hafi fengið veður af því að starfsmaður vínbirgisins AB InBev hafi verið að reyna að ná í hana eftir að hún lét af störfum hjá kvartanda. Kærandi hafi svo fengið skilaboð í gegnum Facebook um að hafa samband við starfsmanninn,

sem hún hafi reynt. Það hafi ekki gengið svo hún hafi sent honum tölvupóst, sem hann hafi síðan svarað, en afrit af póstinum farið á netfang sem kærandi hafi áður verið með hjá kvartanda. Ljóst sé að forsvarsmenn kvartanda hafi skoðað tölvupóstfang kæranda án þess að hún hafi verið kvödd til og sé það brot á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og reglugerð nr. 837/2006. Kærandi hafi sent Persónuvernd kvörtun vegna málsins, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Einnig sé þetta brot gegn 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, enda hafi umræddur tölvupóstur ekki verið ætlaður kvartanda. Kvörtun vegna þessa hafi verið send Póst- og fjarskiptastofnun. Af kvörtuninni til Neytendastofu verði ekki annað ráðið en að kvartandi ætli sér síðan að ganga enn lengra og yfirfara allan tölvupóst kæranda að henni fjarstaddri, þ.á m. tölvupóst sem áður hafi verið eytt úr tölvu hennar. Ef af þeirri fyrirætlan verði sé mjög líklega um refsivert brot að ræða, sem verði kært. Kærandi hafi engum tölvupósti eytt til að dylja einhver meint brot.

28. Í nefndum tölvupósti sé í fyrsta lagi að finna lýsingu kæranda á því af hverju hún hafi hætt störfum fyrir kvartanda. Allt sem þar sé sett fram og lúti að stjórnarformanni kvartanda persónulega hafi enga þýðingu fyrir þetta mál, enda sé hann ekki aðili málsins. Í bréfinu hafi kærandi lýst með almennum hætti áhyggjum sínum af því að verða gerð persónulega ábyrg fyrir vörslusköttum, sem hafi m.a. ráðið því að hún hafi hætt störfum fyrir kvartanda. Þá komi þarna fram, sem rétt sé, að margir starfsmenn hafi hætt og félagið eigi við fjárhagserfiðleika að glíma, sem haft hafi áhrif á ákvörðun hennar um að hætta. Þetta sé ritað nokkrum mánuðum eftir að viðskiptabanki kvartanda hóf að reyna að taka félagið yfir vegna vanskila þess og ógjaldfærni. Grundvallaratriðið sé þó að í tölvupóstinum greini kærandi ekki frá nokkrum upplýsingum sem talist geti avinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Í ákvörðun Neytendastofu 15. febrúar 2011 (4/2011) sé lagt til grundvallar að við mat á því hvort um trúnaðarupplýsingar hafi verið að ræða sé litið svo á að ef skynsamur maður sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinganna gæti séð að honum hafi verið afhent trúnaðargögn, þá nægi það til að telja að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða.
29. Það sem fram komi í þessum tölvupósti, annað en um stjórnarformann kvartanda og ástæður kæranda fyrir starfslokum hennar, séu almennar upplýsingar um viðskipti með áfengistegundir á Íslandi. Fjallað sé um reglur um kjarnasölu í ÁTVR, sem séu öllum aðgengilegar. Þá sé starfsmaðurinn upplýstur um að ef AB InBev missi áfengistegundina sína, Stella Artois, út úr kjarnasölu, muni taka langan tíma að komast inn aftur. Þetta séu einfaldlega staðreyndir sem við blasi, ekki viðskiptaleyndarmál af nokkru tagi. Þá vitni kærandi til orða innkaupastjóra ÁTVR um að AB InBev, fyrirtækið sem kærandi hafi verið að senda þennan tölvupóst til, hafi misst af ákveðinni sölu og að innkaupastjórinn hafi einnig tjáð henni að það hafi margir aðrir framleiðendur einnig gert, sökum skorts á vörum. Þá sé greint frá því að Stella áfengistegundin hafi verið tekin úr sölu í fríhöfninni. Ekki séu það heldur leynilegar viðskiptaupplýsingar. Kærandi lýsi því loks yfir að það taki sig sárt að sjá þessar vinsælu tegundir vera að hverfa úr hillum ÁTVR. Skynsamur maður í sporum viðtakanda þessara upplýsinga sjái að þetta séu ekki trúnaðarupplýsingar.

30. Að lokum sé vísað til þess að kærandi hafi leitað álits Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar á notkun kvartanda á þessum tölvupóstsamskiptum. Þess sé krafist að ef úrskurður falli kvartanda í óhag á þeim vettvangi, verði tilvist þessa tölvupósts virt að vettugi við meðferð málsins. Af framangreindu sé ljóst að kærandi hafi á engan hátt nýtt sér trúnaðarupplýsingar um kvartanda til þess að ná til sín viðskiptum frá honum. Hvergi komi nokkuð slíkt fram í þessum tölvupósti. Hvergi séu nokkur dæmi þess að kærandi hafi hagnýtt sér viðskiptaleyndarmál kvartanda og engin dæmi þess að erlendir vínbirgjar hafi fært sig yfir til Podium Imports ehf. vegna slíkra atvika. Áréttað sé að Podium Imports ehf. hafi ekki yfirtekið neina viðskiptasamninga kvartanda við erlenda framleiðendur. Hafi samningur komist á hafi það gerst eftir að viðkomandi erlendir aðili hafi sagt upp samningi sínum við kvartanda vegna stórkostlegra vanefnda þess félags.
31. Loks mótmæli kærandi því að Hrd. 5. nóvember 2009 (98/2009) eigi við í málinu, enda séu atvik þess máls með allt öðrum hætti. Þar hafi starfsmenn Volta hf. gengið úr vinnu sinni með leynd og talið hafi verið sýnt fram á að þeir hafi beinlínis bundist samtökum við fyrirsvarsmenn samkeppnisaðila Volta og eins helsta viðskiptavinar félagsins um að ná viðskiptum frá félaginu. Talið hafi verið sýnt fram á og sannað í málinu að þessir starfsmenn hafi hagnýtt sér sérstakar upplýsingar sem þeir hafi haft aðgang að vegna starfa sinna, til að færa viðskiptin yfir til samkeppnisaðila Volta. Ekkert af þessu eigi við í því máli sem hér sé til umfjöllunar, enda hvergi komið fram að kærandi hafi hagnýtt sér sérstakar upplýsingar sem hún hafi búið yfir til þess að ná viðskiptum kvartanda yfir til sín eða samkeppnisaðila kvartanda eða að nokkrir viðskiptavinir hafi fært sig frá kvartanda fyrir tilstuðlan kæranda. Með vísan til alls framanritaðs sé þess krafist að kröfum kvartanda verði hafnað.
32. Eins og rakið sé í inngangi bréfsins sé ekki í verkahring Neytendastofu að beita refsíákvæði 26. gr. laga nr. 57/2005. Einungis dómstólar geti tekið ákvörðun um slíkar refsingar. Krafa kvartanda sem að þessu líti sé því að engu hafandi og beri að hafna henni. Þess sé ekki krafist í kvörtuninni að Neytendastofa beiti stjórnvaldssektum, komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið tilvitnað lagaákvæði. Þrátt fyrir það vilji kærandi benda á að í IX. kafla laga nr. 57/2005, sem fjalli um viðurlög, sé ekki að finna lagaákvæði sem heimili beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóta gegn ákvæðum 16. gr. c. Þegar af þeirri ástæðu yrði ekki heimilt að beita kæranda stjórnvaldssekt, kæmist Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið nefnt ákvæði. Um þetta vísi kærandi m.a. til ákvörðunar Neytendastofu 15. febrúar 2011 (4/2011) og ákvörðunar Neytendastofu 5. mars 2009 (5/2009). Séu því engar heimildir til þess að beita kæranda viðurlögum, verði talið að hún hafi brotið gegn nefndu ákvæði laga nr. 57/2005.
33. Í niðurlagi bréfsins segir loks að kærandi hafi ekki hagnýtt sér trúnaðarupplýsingar um starfsemi kvartanda í nokkrum tilgangi. Hafa verði í huga að kvartandi verjist nú kröfu um gjaldþrotaskipti fyrir dómi. Félagið hafi lengt það ferli mjög með sífelldum frestbeiðnum. Þetta óvissuástand um gjaldfærni félagsins, sem hafi nú varað í rúmt ár, hafi augljóslega verið óþolandi fyrir erlenda birgja félagsins og hafi þeir margir hverjir af þessum sökum ákveðið að segja upp samningum sínum við kvartanda og leita annað, enda hafi þeir ekki fengið greitt lengi og eygi ekki von um að fá greitt. Mikilvægir hagsmunir séu í húfi fyrir markaðshlutdeild þessara aðila, því ef vara sé

ófáanleg í ÁTVR í 60 daga sé hún tekin þar úr kjarnasölu og komist ekki aftur að fyrr en eftir 2 ár. Þetta sé m.a. ástæða þess að birgjar hafi haldið áfram að senda kvartanda birgðir án þess að hafa fengið greitt fyrir, en slíkt gangi ekki endalaust. Sumir birgjanna sem hafi ákveðið að slíta viðskiptasambandinu hafi í kjölfarið haft samband við Podium Imports ehf. Hafi sumir þeirra gert samning við það félag en aðrir gert samninga við aðra innflytjendur. Hafi kærandi ekki á nokkurn hátt nýtt sér trúnaðarupplýsingar frá kvartanda í því skyni að hafa áhrif á erlenda birgja. Grundvallaratriði málsins sé að hvergi sé bent á dæmi þess í málinu að kærandi hafi fært sér í nyt trúnaðarupplýsingar frá kvartanda. Það hafi hún ekki gert og því ekki brotið gegn ákvæðum 16. gr. c laga nr. 57/2005. Beri því að hafna öllum kröfum kvartanda sem fram komi í kvörtuninni.

34. Með bréfi Neytendastofu til lögmans kvartanda, dags. 8. mars 2011, var kvartanda kynnt framangreint svarbréf kæranda og gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum við það. Með tölvubréfi lögmans kvartanda, dags. 23. mars 2011, var óskað eftir fresti til að koma að athugasemdum til 28. mars 2011. Var sá frestur samþykktur með tölvupósti Neytendastofu sama dag. Ekkert svar barst innan frestsins og með bréfi Neytendastofu til lögmans kvartanda, dags. 13. maí 2011, var kvartanda gefinn lokafrestur til 20. maí 2011 til að koma að athugasemdum við bréfið og tekið fram að búast mætti við að ákvörðun yrði tekin í málinu að þeim tíma liðnum. Ekkert svar barst innan frestsins. Með tölvupósti lögmans kæranda var athygli Neytendastofu vakin á því að angar málsins væru til umfjöllunar bæði hjá Persónuvernd og Póst- og fjarskiptastofnun og þess óskað að upplýsinga yrði aflað þaðan áður en ákvörðun yrði tekin í málinu.
35. Með bréfi Neytendastofu til lögmanna kæranda og kvartanda, dags. 20. október 2011, var vísað til þess sem fram kæmi í bréfi kæranda til Neytendastofu, um að kvartað hafi verið til Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar yfir skoðun, notkun og birtingu kvartanda á tölvupóstssamskiptum kæranda og tiltekins aðila. Samkvæmt upplýsingum sem Neytendastofa hafi aflað sér hafi kvörtun kæranda til Póst- og fjarskiptastofnunar verið vísað til Persónuverndar í byrjun mánaðarins. Með vísan til 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar sem segi að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin í því, hyggist Neytendastofa fresta ákvarðanatöku í tilefni erindis kvartanda þar til niðurstaða Persónuverndar liggja fyrir. Vakin sé athygli á því að samkvæmt 26. gr. stjórnarsýslulaga séu ákvarðanir stjórnvalda kærانegar til æðra stjórnvalds. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. verði ákvarðanir sem ekki binda endi á mál þó ekki kærانegar fyrr en málið sé til lykta leitt. Ákvörðun Neytendastofu um að fresta ákvarðanatöku í tilefni erindis kvartanda í þessu máli verði því kærانleg til áfrýjunarnefndar neytendamála þegar efnisleg niðurstaða málsins liggja fyrir.
36. Með bréfi Neytendastofu til lögmanna kæranda og kvartanda, dags. 17. febrúar 2012, var vísað til þess að úrskurður Persónuverndar í framangreindu máli lægi nú fyrir. Af þeim sökum myndi Neytendastofa taka ákvörðun í málinu og hún yrði tilkynnt um leið og hún lægi fyrir. Sama dag sendi Neytendastofu lögmönnum kæranda og kvartanda annað bréf, dags. 17. febrúar 2012, þar sem tilkynnt var að gagnaöflun í málinu væru lokið. Meðfylgjandi bréfinu væri listi yfir gögn málsins en Neytendastofu hefðu ekki borist frekari athugasemdir eða gögn í málinu. Tilkynnt yrði um ákvörðun stofnunarinnar um leið og hún lægi fyrir.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

37. Hinn 16. apríl 2012 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 21/2012, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með miðlun og hagnýtingu atvinnuleyndarmála kvartanda. Voru ákvörðunarorðin svohljóðandi: „[Kærandi] hefur brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að:
- vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá [kvartanda],
 - veita fulltrúum Bodegas Faustino nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu [kvartanda] og gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins og hagnýta sér þær upplýsingar til þess að vísa á Podium Import ehf. og
 - fullyrða við starfsmann A-B Inbev, viðskiptavin [kvartanda], að gjaldþrot blasi við [kvartanda].
- Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er [kæranda] bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá [kvartanda].“
38. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst gert grein fyrir meginsjónarmiðum aðila og síðan tekið fram að í atvinnustarfsemi geti skipt miklu máli að ákveðnum þáttum starfseminnar sé haldið leyndum, sérstaklega þeim sem snúi að samkeppnisstöðu. Fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þessara hagsmuna og í lögum nr. 57/2005 sé að finna almennt ákvæði í 16. gr. c sem stuðli að vernd atvinnuleyndarmála. Í ákvörðuninni er efni greinarinnar rakið og tekið fram að núgildandi ákvæði sé efnislega samhljóða eldri ákvæðum laga um sama efni sem lög nr. 57/2005 felldu brott. Í greinargerð um ákvæðið komi fram að hagsmunir þeir sem greinin verndi séu atvinnuleyndarmál. Atvinnuleyndarmál geti verið rekstrarleyndarmál sem varði fremur tæknileg atriði og geti notið verndar jafnvel þótt skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt. Þá geti atvinnuleyndarmál einnig verið verslunar- eða viðskiptaleyndarmál sem geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavini, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál en til þess að svo verði þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfsemina. Gera verði þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggja í hlutarins eðli.
39. Í 2. mgr. 16. gr. c sé lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Ákvæðið taki því aðeins til þeirra sem séu í sérstökum tengslum við starfsemina. Þá verndi ákvæðið aðeins atvinnuleyndarmál eins og að framan greini. Í 3. mgr. 16. gr. c sé lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar. Samkvæmt ákvæðinu sé ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað það sem ætlunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina geti fallið sérstök þekking starfsmanns sem ekki sé atvinnuleyndarmál. Niðurstaðan um vernd fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum sé því sú, að uppfylli tiltekna upplýsingar þær kröfur sem gerðar séu til atvinnuleyndarmála, njóti þær verndar samkvæmt 2. mgr. 16. gr. c laganna. Uppfylli upplýsingarnar ekki þessi skilyrði, en aðila, vegna

starfs eða stöðu að öðru leyti, er trúað fyrir þeim með tilteknum hætti, eða að upplýsingarnar birtast á tilteknu formi, njóti þær verndar 3. mgr. 16. gr. c.

40. Í máli þessu sé í fyrsta lagi um að ræða upplýsingar sem fram komi í glærुकynningu sem beri yfirskriftina „Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010“. Kynningin sé merkt Podium Imports Ltd. Glærुकynningin innihaldi upplýsingar um fjárhagsstöðu kvartanda, þ.e. upplýsingar í tímalínu þar sem fram komi upplýsingar um hvernig farið sé að halla undan fæti í rekstri hans. Þá innihaldi kynningin aðgerðaráætlun um yfirtöku á Bodegas Faustino umboðinu frá kvartanda. Þær upplýsingar sem fram komi í kynningunni séu fjárhagslegar, þ.e. upplýsingar um skuldir og veltu. Verði ekki annað ráðið en að tilgangur kynningarinnar hafi verið sá að fá umrætt fyrirtæki í viðskipti við Podium Imports. Kynningin sé dagsett eftir uppsögn kæranda en áður en hún lét af störfum hjá kvartanda. Í öðru lagi sé um að ræða tölvupóst frá kæranda til kvartanda, dags. 10. janúar 2011, þar sem fram komi að Podium Imports hafi yfirtekið sölu á ákveðnum tegundum af vörum sem áður hafi verið í sölu hjá kvartanda. Í þriðja lagi sé um að ræða tölvupóst frá kæranda til starfsmanns birgja kvartanda sem sendur hafi verið eftir að kærandi lauk störfum hjá kvartanda. Í póstinum komi fram upplýsingar um fjárhagsstöðu kvartanda og eiganda fyrirtækisins sem og upplýsingar um stöðu kvartanda gagnvart birgjum sínum. Framangreindar upplýsingar um fjármál kvartanda og stöðu fyrirtækisins gagnvart birgjum sem fram komi í glærुकynningu og tölvusamskiptum kæranda séu að mati Neytendastofu upplýsingar sem teljist til atvinnuleyndarmála. Gerð hafi verið krafa að hálfu kvartanda um að kærandi gætti trúnaðar og þagnarskyldu í ráðningarsamningi hennar við kvartanda. Njóti framangreindar upplýsingar því verndar 16. gr. c. laga nr. 57/2005.
41. Að mati Neytendastofu sýni fyrirbyggjandi gögn að kærandi hafi unnið að breytingum á tilgangi og stofnun fyrirtækisins Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri kvartanda. Í fundargerð Podium Imports, þá Engjasmára ehf., dags. 7. júní 2010, riti kærandi nafn sitt sem stjórnarmaður í nýkjörinni stjórn fyrirtækisins. Það sé um það leyti sem hún hafi látið af störfum hjá kvartanda. Að mati Neytendastofu fari ekki á milli mála að hún sem stjórnarmaður í nýkjörinni stjórn fyrirtækisins hafi komið að undirbúningi nýs tilgangs og nýrra samþykka félagsins, sbr. dagskrá fundarins. Þá beri gögn málsins með sér að kærandi hafi ráðið [X] til starfa hjá kvartanda, í apríl 2010. Neytendastofa telji líkur á því að kæranda hafi verið kunnugt um aðkomu [X] að Podium Imports, enda hann í stjórn fyrirtækisins og starfandi framkvæmdastjóri þess a.m.k. 7. júní 2010. Þær upplýsingar hafi vafalaust ekki verið veittar stjórn kvartanda sem samþykkti ráðninguna.
42. Að mati Neytendastofu hafi ráðning kæranda á [X] til starfa hjá kvartanda í apríl 2010 einnig verið liður í því að auka þekkingu Podium Imports á innviðum kvartanda. Telja verði allar líkur á því að henni hafi verið kunnugt um væntanlega ráðningu hans sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Þó svo að skriflegur starfssamningur hafi ekki verið gerður við hann hafi starf hans að verulegu leyti falist í tengslum við birgja. Sá starfsvettvangur hafi verið ákveðinn af framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Hinn 7. júní 2010 sé hann ráðinn framkvæmdastjóri Podium Import með samþykki stjórnar fyrirtækisins þar á meðal kæranda. Að mati Neytendastofu sé ráðning hans til kvartanda gerð að tilstuðlan framkvæmdastjórans, kæranda, sem velji honum starfsvettvang vitandi um

væntanlega ráðningu hans eða ráðningu hans fyrir hennar tilstuðlan á meðan hann starfaði fyrir kvartanda, sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Neytendastofa telji engum vafa undirorpið að þekking hans á innviðum kvartanda og tengsl hans við birgja fyrirtækisins hafi vafalítið haft umtalsverð áhrif í starfi hans hjá Podium Imports. Þar sem erindi kvartanda beinist ekki að [X] muni Neytendastofa ekki fjalla nánar um þátt [X] í máli þessu.

43. Í gögnum málsins sé að finna glærुकynningu eða a.m.k. drög að glærुकynningu sem ætlunin hafi verið að sýna á fundi kæranda og [X] með Bodegas Faustino 27. maí 2010, eins og heiti kynningarinnar beri með sér: „Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010 Edda Bjarnadóttir [X]“. Þar sem hluti kynningarinnar sé á íslensku sé ekki ljóst hvort að glærुकynningin sem slík hafi verið sýnd en engu að síður verði að gera ráð fyrir að það sem fram komi í kynningunni hafi verið uppistaðan í fundi þeim sem haldinn hafi verið á milli framangreindra aðila. Efni kynningarinnar hafi verið nokkuð nákvæm greining á alvarlegu fjárhagslegu ástandi kvartanda þar sem m.a. komi fram það álit kæranda að að fyrirtækinu verði ekki forðað frá gjaldþroti og það hafi leitt til þess að hún hafi sagt upp störfum. Þá segi þar að kærandi og [X] hafi nú þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni.
44. Að mati Neytendastofu sé í þessari glærुकynningu farið töluvert út fyrir það sem kalla megi að gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu kvartanda, enda vandséð hvers vegna fulltrúar Bodegas Faustino eigi að fá mjög ítarlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, hvað þá vangaveltur um væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins. Þá sé í hæsta máta óeðlilegt að á sama fundi séu veittar upplýsingar um fjársterkt fyrirtæki sem kærandi og [X] standi að. Verði vart lesið út úr þeim skilaboðum annað en að verið sé að gera tilboð þess fyrirtækis um viðskipti við Bodegas Faustino. Engu máli skipti þótt samningar þar að lútandi hafi ekki verið gerðir og uppsögn Bodegas Faustino á viðskiptasambandi við kvartanda hafi orðið að veruleika síðar. Að mati Neytendastofu séu þær upplýsingar sem kærandi veitti birginum Bodegas Faustino í nefndri glærुकynningu, hvort sem hún hafi verið sýnd myndrænt eða gerð grein fyrir efni hennar munnlega, þess eðlis að þær séu brot á 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.
45. Í erindi kvartanda sé staðhæft að Podium Imports hafi yfirtekið viðskiptasamninga kvartanda við framleiðendurna Maxxium, Stroh og Babco Ltd. Því til stuðnings sé vísað til tölvupósts, dags. 10. janúar 2011, þar sem fram komi að Podium Imports hafi gengið til samninga við framangreinda framleiðendur. Að mati Neytendastofu verði ekki ráðið af innihaldi tölvupóstsins með óyggjandi hætti að Podium Imports hafi með hagnýtingu atvinnuleyndarmála yfirtekið framangreinda viðskiptasamninga þar sem tölvupósturinn sé dagsettur hálfu ári eftir að kærandi hóf störf hjá Podium Imports. Séu samningar milli Podium Imports og Maxxium, Stroh og Babco Ltd. því ekki til þess fallnir að vera brot á 16. gr. c laga nr. 57/2005.
46. Í erindi kvartanda sé vísað til tölvupóstssamskipta kæranda við starfsmann birgisins AB InBev, sem verið hafi í viðskiptum við kvartanda. Tölvupóstssamskiptin hafi farið fram u.þ.b. þremur mánuðum eftir að kærandi hafi látið af störfum hjá kvartanda eða í september 2010. Í samskiptum þessum segi kærandi með skýrum hætti að við kvartanda blasi gjaldþrot. Þá sé fjárhagsstaða stjórnarformanns kvartanda kynnt af nákvæmni. Jafnframt sé Podium Imports lýst sem mjög

fjársterku fyrirtæki. Að mati Neytendastofu verði ekki annað séð en að í tölvupóstssamskiptunum sé kærandi að veita upplýsingar um atvinnuleyndarmál kvartanda og stjórnarformann fyrirtækisins, en fjárhagur hans sé óhjákvæmilega tengdur fyrirtækinu, innan þeirra þriggja ára sem henni sé það ekki heimilt samkvæmt 2. mgr. 16. gr. c. laga 57/2005.

47. Að mati Neytendastofu sé engum vafa undirorpið að vitneskja sú sem kærandi hafi fengið sem framkvæmdastjóri kvartandi um alla innviði fyrirtækisins, eins og stöðu fyrirtækisins gagnvart lánardrottnum, birgjum og fleiri trúnaðarupplýsingar eða atvinnuleyndarmál, hafi nýst Podium Imports, þ.e. því fyrirtæki sem hún hóf störf hjá eigi síðar en hún hætti störfum hjá kvartanda. Hafi sú vitneskja nýst við undirbúning nýs tilgangs og nýrra samþykka fyrirtækisins. Þó svo að kæranda hafi ekki verið óheimilt samkvæmt ráðningarsamningi að eiga hlut í öðru félagi á meðan hún gegndi störfum fyrir kvartanda sé ljóst, skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, að hún hafi ekki án heimildar mátt veita upplýsingar um atvinnuleyndarmál fyrr en að þremur árum liðnum frá því að starfi væri lokið eða samningi slitið. Í ljósi þess að kærandi hafi gerst hluthafi og starfsmaður í Podium Imports á meðan hún starfaði enn hjá kvartanda, eða eigi síðar en um það leyti sem hún hætti þar störfum, og með hliðsjón af því að hún hagnýtti sér atvinnuleyndarmál kvartanda í beinni samkeppni við fyrirtækið hafi hún brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.
48. Af hálfu kvartanda sé þess krafist að þáttur Landsbankans í meintum brotum kæranda verði sérstaklega rannsakaður af hálfu Neytendastofu. Í málinu sé upplýst að sá þáttur málsins sé til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu og því sé Neytendastofu, að svo stöddu, óheimilt að kanna þann þátt málsins.
49. Um valdheimildir Neytendastofu sé fjallað í IX. kafla laga nr. 57/2005. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b geti stofnunin gripið til aðgerða vegna viðskiptahátta sem brjóti í bága við ákvæði II.-VI. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla. Geti aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Þá geti stofnunin skv. 22. gr. lagt á fyrirtæki stjórnvaldssektir sem brjóti gegn ákvæðum laganna og settum reglum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum sbr. II.-V. kafla laganna. Einnig geti stofnunin lagt sektir á þau fyrirtæki sem brjóti gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóti í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum sbr. 21. gr. b. Þá geti stofnunin lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem ekki fari að reglum og fyrirmælum stofnunarinnar um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði sbr. 18. gr. laganna. Í 23. gr. sé stofnuninni veitt heimild til að beita dagsektum sé ekki farið að ákvörðun Neytendastofu sem tekin hafi verið samkvæmt lögunum.
50. Í 26. gr. laga nr. 57/2005 sé einnig fjallað um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Í ákvæðinu sé kveðið á um að ef sakir séu miklar geti brot varðað fésekt eða fangelsi. Ákvæðið kveði sem slíkt ekki á um valdheimildir Neytendastofu sem stjórnvalds heldur hvaða refsiviðurlög séu við brotum á lögunum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim séu sakir miklar. Það sé ekki hlutverk eftirlitsstjórnvalds eins og Neytendastofu að taka ákvörðun um kærur eða dæma einstaklinga eða fyrirtæki til refsingar

samkvæmt ákvæðinu, enda slíkt hlutverk dómstóla. Það sé því ljóst að Neytendastofa muni ekki kveða á um viðurlög samkvæmt 26. gr. laga nr. 57/2005 en veði athygli kvartanda á að slíkum kröfum þurfi að koma á framfæri við ákærvaldið.

51. Í IX. kafla laganna sé ekki að finna lagaákvæði sem heimili beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóti gegn ákvæðum VI. kafla laganna. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki unnt að beita stjórnvaldssektum gagnvart kæranda. Brot það sem hér um ræði sé brot á trúnaðarskyldu, sbr. VI. kafla laganna. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b hafi stofnunin heimild til að banna háttsemi, gefa fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum vegna brota á VI. kafla laganna sem m.a. innihaldi 16. gr. c. Með vísan til þess að Neytendastofa telji að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, banni stofnunin henni, með vísan til 4. mgr. 16. gr. c og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga, að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi sínu hjá kvartanda.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR ANNARRA

52. Í kæru, dags. 11. maí 2012, segir að málavextir séu í sem skemmstu máli þeir að kærandi hafi starfað hjá kvartanda frá árinu 2000 og til ársins 2010, þ.á m. frá árinu 2007 sem framkvæmdastjóri félagsins í umboði stjórnar. Hún hafi sagt upp störfum hjá félaginu í apríl 2010. Hinn 7. júní 2010 hafi verið undirritað samkomulag um að öllum skyldum hennar hjá kvartanda væri lokið og að félagið ætti enga kröfu á hana frá þeim tíma. Sama dag hafi kærandi hafið störf fyrir annan vinnuveitanda, Podium Imports ehf. Það félag og kvartandi starfi bæði við innflutning á áfengi. Kærandi hafi gengið í stjórn Podium Imports sama dag og starfsskyldum hennar hafi lokið fyrir kvartanda, hinn 7. júní 2010. Um það leyti sem kærandi hafi hætt hjá kvartanda hafi félagið glímt við erfiðleika í rekstri. Birgjar hafi margir hverjir ekki fengið greiddar vörur sínar mánuðum saman og margir viljað hætta viðskiptasambandi sínu við kvartanda.
53. Í ráðningarsamningi milli kæranda og kvartanda hafi engin ákvæði verið sem hömluðu kæranda að hefja störf hjá aðilum í samkeppni við kvartanda. Undir starfslok hennar hjá kvartanda hafi eigendur Podium Imports boðið henni að koma til starfa hjá félaginu er skyldum hennar hjá kvartanda lyki. Podium Imports hafi þá verið í eigu aðila sem séu með öllu ótengdir kvartanda. Kærandi hafi ákveðið að þekkjast boðið og ganga til liðs við félagið þegar skyldum hennar lyki fyrir kvartanda, sem síðan hafi verið 7. júní 2010. Þá hafi hún gengið í stjórn félagsins. Engar hindranir hafi verið í vegi því að hún gengi til liðs við félagið á þeim tímapunkti og hæfi fyrir það störf. Kærandi hafi ávallt mótmælt staðlausum fullyrðingum kvartanda um að hún hafi með skipulegum og markvissum aðgerðum reynt að taka yfir viðskiptasamninga við birgja kvartanda, hvort heldur meðan hún var starfandi fyrir kvartanda eða síðar. Í máli þessu njóti engra gagna við um að það hafi hún gert. Enginn viðskiptaaðili kvartanda hafi nokkurn tímann staðfest að þessar fullyrðingar kvartanda eigi í raun við nokkur rök að styðjast og enginn einstaklingur hafi vitnað á þann veg.
54. Það sé hins vegar staðreynd, að eftir bankahrunið á Íslandi haustið 2008 og á árunum sem fylgdu í kjölfarið, hafi margir erlendir birgjar hætt viðskiptum sínum við kvartanda vegna vanskila og

annarrar óánægju með fyrirtækið. Sumir þeirra hafi sett sig í samband við Podium Imports, enda hafi þeir þekkt til kæranda og aðeins af góðu. Sumir þeirra hafi gengið frá viðskiptasambandi við Podium Imports en aðrir hafið viðskipti við aðra aðila á Íslandi, svo sem Vífilfell, Ölgerðina og Haugen Gruppen. Stjórnarformaður kvartanda, sem að mati kæranda eigi mesta sök á ógæfu félagsins, hafi verið verulega ósáttur við ákvörðun kæranda um að hætta hjá félaginu og hefja störf í sams konar rekstri. Hann og kvartandi hafi síðan þá reynt til hins ítrasta að bregða fæti fyrir kæranda. Kærandi starfi ekki í dag á viðkomandi markaði og hafi ekki gert síðan um mitt ár 2011. Í hinni kærðu ákvörðun hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 með meintri háttsemi sem rakin sé í ákvörðuninni. Kærandi sé verulega ósátt við niðurstöðu Neytendastofu og telji hana rakalaus og löglaus. Þess sé því krafist að hún verði felld úr gildi.

55. Í hinni kærðu ákvörðun séu tiltekin þrjú atriði sem kæranda sé gefið að sök að hafa framkvæmt og sú háttsemi talin hafa brotið í bága við ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005. Í fyrsta lagi hafi kærandi brotið gegn nefndum ákvæðum með því að vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf., á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri kæranda; í öðru lagi með því að veita fulltrúum vínbirgisins Bodegas Faustino nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu kvartanda og gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins og hagnýta sér þær upplýsingar til þess að vísa á Podium Imports og í þriðja lagi með því að fullyrða við starfsmann vínframleiðandans AB InBev að gjaldþrot blasti við kvartanda. Kærandi telji framangreint ekki eiga við nokkur rök að styðjast. Verði nú vikið að málsástæðum fyrir kröfum kæranda.
56. Niðurstaða Neytendastofu um meinta vinnu kæranda að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf., sé rökstudd með þeim hætti að stofnunin meti það svo að fyrirliggjandi gögn sýni að kærandi hafi unnið að breytingum á tilgangi og stofnun fyrirtækisins Podium Imports á meðan hún hafi starfað sem framkvæmdastjóri kvartanda. Þetta sé rökstutt með þeim hætti að þar sem hún hafi gengið í stjórn Podium Imports hinn 7. júní 2010, sama dag og undirritaður hafi verið samningur við kvartanda um að skyldum hennar fyrir það félag væri lokið og hvorugur aðili ætti kröfu á hinn, þá fari ekki á milli mála að hún sem stjórnarmaður í nýkjörinni stjórn fyrirtækisins, hafi komið að undirbúningi nýs tilgangs og nýrra samþykka félagsins meðan hún var starfandi framkvæmdastjóri kvartanda. Hér sé hins vegar aðeins um ályktun Neytendastofu að ræða, sem engum gögnum eða öðrum sönnunum sé studd. Kærandi mótmæli þessu sem alröngu. Þessi ályktun Neytendastofu lýsi að mati kæranda algjöru þekkingarleysi stofnunarinnar á viðfangsefninu. Neytendastofa, sem hafi rannsóknarskyldu að gegna í málinu, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, virðist hafa ákveðið upp á sitt einsdæmi að málsatvik hafi verið með þessum hætti og byggt ákvörðun sína á því. Kærandi telji að Neytendastofa hafi með framangreindri ályktun og niðurstöðu sinni brotið nefnt lagaákvæði með alvarlegum hætti.
57. Engin málefnaleg rök mæli með því að draga þá ályktun, að þar sem kærandi hafi verið kjörin í stjórn Podium Imports 7. júní 2010, hljóti hún að hafa unnið að breytingum á samþykktum og tilgangi félagsins fyrir þann tíma. Þessi ályktun Neytendastofu, sem sé algjörlega úr lausu lofti

gripin, fullkomlega tilhæfulaus og engum gögnum studd, sé síðan beinlínis grundvöllur fyrir niðurstöðu um að kærandi hafi framið lögbrot í starfi sínu fyrir kvartanda. Kærandi telji þessi vinnubrögð Neytendastofu algjörlega óforsvaranleg. Hver sá sem hafi lágmarksþekkingu í félagarétti eigi að vita að aðili sem kjörinn sé í stjórn félags þurfi ekki að hafa átt nokkra aðkomu að félaginu fyrir þann tíma. Það sé algjörlega óviðunandi að stofnun eins og Neytendastofa leyfi sér að draga ályktanir sem þessar án nokkurs vitræns rökstuðnings eða gagna sem geti stutt ályktunina. Hið rétta sé að eigendur félagsins, sem réðu kæranda til félagsins, hafi sjálfir unnið að breytingum á samþykktum félagsins en ekki kærandi. Þær breytingar virðist raunar aðeins hafa lotið að heimilisfangi og tilgangi félagsins og því afar smávægilegar og vandséð hvaða máli það skipti fyrir þetta mál.

58. Sömuleiðis séu gerðar alvarlegar athugasemdir við fullyrðingu Neytendastofu um að ráðning [X] til kvartanda, sem ekki hafi verið ákvörðun kæranda einnar, hafi verið liður í að auka þekkingu Podium Imports á innviðum kvartanda og að telja verði allar líkur á að henni hafi verið kunnugt um væntanlega ráðningu hans sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Þessar fullyrðingar Neytendastofu séu út í hött og engum gögnum studdar. Þær séu ekkert annað en hugarburður þeirra starfsmanna Neytendastofu, sem leyst hafi úr málinu. Kærandi fái með engu móti skilið hvernig stjórnvald geti leyft sér við úrlausn máls, að skálda upp reifarakennda atburðarás, sem engin gögn málsins styðji og komast síðan að niðurstöðu um að þau atvik séu lögbrot. Kærandi telji þessa málsmeðferð brjóta í verulegum atriðum í bága við málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga, fyrir utan að vera úr velsæmi.
59. Við ákvörðun sína hafi Neytendastofa algjörlega litið framhjá þeirri staðreynd að ráðning [X] til kvartanda hafi ekki verið ákvörðun kæranda einnar, heldur hafi hún verið rædd í stjórn félagsins og samþykkt af henni. Á þeim tíma hafi [X] engin tengsl haft við Podium Imports, þrátt fyrir að annað sé fullyrt í ákvörðun Neytendastofu. Hann hafi verið að hætta sem yfirmaður hjá víndreifingarfyrirtæki í Þýskalandi og að flytja heim er hann hafi verið ráðinn til kvartanda. Sú ráðning hafi hvorki verið tímabundin né föst. Í tengslum við starfslok kæranda hjá kvartanda og boð til hennar um starf hjá Podium Imports hafi [X] einnig ákveðið að ganga frekar til liðs við það félag. Samsæriskenning Neytendastofu sé rökstudd með þeim hætti að þar sem [X] hafi verið ráðinn til Podium Imports 7. júní 2010, hljóti hann að hafa verið í tengslum við það félag þegar í apríl 2010, þegar hann hafi verið ráðinn til kvartanda. Félagið hafi reyndar ekki verið stofnað fyrr en 7. maí 2010. Ekki nokkur einustu gögn liggi þó fyrir í málinu sem styðji kenningu Neytendastofu um að [X] hafi verið ráðinn af kæranda í þeim eina tilgangi að stunda njósnastarfsemi hjá kvartanda og hann hafi gert það í þágu Podium Imports. Því sé mótmælt að byggja megi á þessum ósönnu kenningum Neytendastofu sem staðreyndum.
60. Í ákvörðun Neytendastofu sé sömuleiðis algjörlega horft framhjá þeirri staðreynd að hvorki kærandi né [X] hafi komið að stofnun Podium Imports (þá Engjasmári ehf.). Félagið sé stofnað af dótturfélagi Deloitte endurskoðunarskrifstofu, sem stofni fjölda félaga í hverjum mánuði og selji þau áfram á nafnvirði hlutafjár og stofnkostnaðar. Stofnun félagsins í maí 2010 standi því ekki í nokkru samhengi við vinnu kæranda eða [X] hjá félaginu. Vakin sé athygli á því að [X] hafi ekki verið veittur andmælaréttur í máli þessu. Hans sjónarmiða hafi því ekki verið aflað. Þrátt fyrir það

byggja Neytendastofa á því að hann hafi brotið lög og stundað njósnastarfsemi á vegum Podium Imports hjá kvartanda, en kveði ekki upp úr um brot hans formlega sökum skorts á aðild hans að málinu. Kærandi telji það ólöglegt af hálfu Neytendastofu að fjalla með þessum hætti um aðkomu hans að málinu án þess að hans sjónarmiða hafi verið aflað. Kærandi telji að byggja verði eingöngu á því sem fram sé komið af hálfu kæranda um aðkomu [X] og hlutverk hans.

61. Ýmsar fleiri fullyrðingar séu settar fram af hálfu Neytendastofu, sem ekki verði séð að nokkur rannsóknarvinna liggi að baki eða gögn sem stutt geti þær og þær séu beinlínis ósannar. Til að mynda sé fullyrt að starfsvettvangur [X] hjá kvartanda hafi verið ákveðinn af kæranda, að ráðning hans hafi verið að tilstuðlan kæranda, sem hafi valið honum starfsvettvang, vitandi um væntanlega ráðningu hans eða ráðningu hans fyrir tilstuðlan hennar á meðan hann starfaði fyrir kvartanda, sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Vart sé hægt að lýsa þessum getgátum Neytendastofu öðruvísi en sem rakalausum ósannindum, algjörlega ósönnuðum er hafi enga stoð í gögnum málsins. Hin kærða ákvörðun sé að því leyti verulegum annmörkum háð og brjóti í verulegum atriðum í bága við m.a. 10. gr. stjórnsýslulaga. Engin rannsókn hafi farið fram um þessi atriði, þessar getgátur Neytendastofu eigi ekki við nokkur rök eða gögn að styðjast og ekki hafi verið gerð ein einasta tilraun til að afla nokkurra gagna um þennan þátt málsins. Þessar reyfarakenndu ályktanir og niðurstöður Neytendastofu komi kæranda algjörlega í opna skjöldu, en hún kannist ekki við að nokkuð af þessu eigi við rök að styðjast.
62. Þess utan fái kærandi ekki séð, jafnvel þótt það ætti við rök að styðjast, með hvaða hætti sú háttsemi að vinna að breytingum á samþykktum og tilgangi annars nýstofnaðs félags, sem auk þess hafi þá ekki verið í neinum rekstri, eigi að hafa brotið gegn nefndu lagaákvæði. Vandséð sé hvernig sú háttsemi sem kæranda sé gefin að sök geti verið brot á 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, enda sé ekki fjallað um það í hinni kærðu ákvörðun. Ákvæðið banni fyrrum starfsmanni félags að hagnýta sér eða ljóstra upp um atvinnuleyndarmál fyrrum vinnuveitanda hans (2. mgr.) og hagnýta sér uppdrætti, líkön, lýsingar, uppskriftir o.s.frv. (3. mgr.). Vinna að breytingum á samþykktum annars félags, m.a.s. eingöngu á heimilisfangi og tilgangi félags, samræmist ekki á nokkurn hátt verknaðarlýsingu 16. gr. c laga nr. 57/2005. Að þessu leyti hafi Neytendastofa farið langt út fyrir heimildir ákvæðisins í ákvörðun sinni. Þrátt fyrir að Neytendastofa hafi upp á sitt einsdæmi ákveðið að kærandi hafi unnið að þessum breytingum á samþykktum Podium Imports á meðan hún var framkvæmdastjóri kvartanda, geti það því ekki á nokkurn hátt talist hafa verið brot gegn nefndu lagaákvæði. Í því felist engin hagnýting atvinnuleyndarmála eða uppljóstrun þeirra og engar skýringar séu gefnar í hinni kærðu ákvörðun um það með hvaða hætti þetta brjóti gegn lagaákvæðinu. Sé þetta verulegur annmarki á ákvörðun Neytendastofu, sem leiða eigi til ógildingar hennar.
63. Líkt og glögglega megi ráða af framangreindu séu verulegir annmarkar á hinni kærðu ákvörðun. Niðurstaða Neytendastofu um að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005 með framangreindum hætti, sé byggð á fullkomlega tilhæfulausum getgátum stofnunarinnar, sem eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum. Engin rannsókn hafi farið fram til þess að varpa ljósi á þau atriði sem Neytendastofa byggja á og engum gögnum sé til að dreifa sem styðji ályktanir og niðurstöðu stofnunarinnar, aðeins staðlausar fullyrðingar kvartanda. Þau gögn sem þó liggi fyrir, fundargerð

hluthafafundar Podium Imports frá 7. júní 2010, sé gróflega oftúlkuð og fólki sem þar eigi í hlut ætlað að hafa aðhafst ýmislegt sem engin gögn styðji. Sé þess krafist, með vísan til framanritaðs, að ákvörðunin í heild sinni verði felld úr gildi, en í það minnsta sú ákvörðun að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005 með því að vinna að samþykktum og breytingu á tilgangi Podium Imports meðan hún var framkvæmdastjóri kæranda, sem með öllu sé ósatt.

64. Í hinni kærðu ákvörðun sé komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005 með því að ræða um fjárhagsstöðu kvartanda á fundi með einum birgi félagsins, Bodegas Faustino, og hagnýta sér upplýsingar til þess að vísa á Podium Imports. Kærandi hafi ávallt neitað því að hálfkláruð glærुकyninging, sem hafi verið í vinnutölvu hennar hjá kvartanda, hafi verið notuð eða efni hennar rætt á þeim fundi og hún telji líklegt að átt hafi verið við glærुकyninguna af hálfu kvartanda eftir að hún skilaði inn tölvu sinni til fyrirtækisins. Neytendastofa hafi í ákvörðun sinni ekki treyst sér til að fullyrða að glærुकyninging hafi verið sýnd á fundinum með Bodegas Faustino hinn 27. maí 2010, en slái því föstu að það sem komi fram í kynningunni hafi örugglega verið uppistaðan í þeim fundi.
65. Kærandi mótmæli því alfarið að glærुकyninging hafi verið sýnd og einnig að efni hennar hafi verið uppistaða fundar með birginum Bodegas Faustino. Kærandi fái með engu móti séð hvaða forsendur hin opinbera stofnun Neytendastofa hafi til þess að slá föstu atriði eins og þessu, sem ekki nokkur skapaður hluti í málinu styðji. Þetta sé einfaldlega kolröng ályktun hjá stofnuninni. Þar sem ákvörðun í málinu sé á henni byggð, sé niðurstaða Neytendastofu jafn röng. Glærुकyninging hafi ekki verið tekin saman fyrir fundinn með Bodegas Faustino, hún hafi ekki verið spilud á þeim fundi og það sem í henni komi fram hafi ekki nema að mjög litlum hluta verið rætt á fundinum og ekki í samhengi við annað efni í henni. Það sem sannanlega hafi verið rætt á fundinum hafi verið almenn fjárhagsmálefni kvartanda. Fundurinn hafi verið haldinn með vitund og vilja stjórnar kvartanda. Þó telji Neytendastofa fundinn hafa verið brot á 16. gr. c laga nr. 57/2005. Þá niðurstöðu telji kærandi ekki fást staðist og mótmæli henni. Eins og kærandi hafi áður skýrt frá hafi hún ekki tjáð sig umfram heimild um fjárhagsmálefni kvartanda við birginn Faustino, en á fundi þeirra hafi verið farið yfir mjög alvarlega skuldastöðu kvartanda gagnvart Faustino og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum að viðskipti héldu áfram milli aðila. Fundurinn hafi verið að ósk Faustino.
66. Neytendastofa telji að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005, þar sem vandséð sé hvers vegna fulltrúar Bodegas Faustino hafi átt að fá „mjög ítarlegar“ upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í niðurstöðu sinni horfi Neytendastofa algjörlega framhjá þeirri staðreynd að hinn 27. maí 2010, þegar fundurinn með Faustino hafi farið fram, hafi kærandi ennþá verið framkvæmdastjóri kvartanda í fullu umboði stjórnar. Hún hafi sem slíkur ekki bara haft fullt umboð, heldur hafi það verið skylda hennar samkvæmt viðskiptasamningi kvartanda við Bodegas Faustino að upplýsa Bodegas Faustino um fjárhagsstöðu og horfur kvartanda. Þess megi geta að uppsafnaðar skuldir kvartanda við Bodegas Faustino á umræddum tíma hafi leitt af sér þá stöðu að Bodegas Faustino hafi ekki afhent vörur til kvartanda um nokkurra mánaða skeið og krafist fyrirframgreiðslu auk innborgunar á eldri skuldum. Vörur Bodegas Faustino hafi á umræddum tíma ekki verið til sölu í hillum ÁTVR. Kvartandi hafi ekki haft lausafé til að mæta þeim kröfum

og því hafi framleiðandinn Bodegas Faustino í raun verið þvingaður til að finna sér annan innflytjanda til að halda uppi vöruflæði sínu til ÁTVR. Innkaupareglur ÁTVR kveði á um að ef vara sé ófánleg frá innflytjanda í 60 daga sé innkaupadeild ÁTVR skylt að taka viðkomandi vöru úr sölu. Bodegas Faustino hafi því búið við mjög aðkallandi vanda vegna bágrar fjárhagsstöðu kvartanda.

67. Með rökstuðningi sínum um að ekki verði séð hvaða erindi fjárhagsupplýsingar kvartanda hafi átt inn á fundinn með birginum afhjúpi Neytendastofa enn og aftur mikla vanþekkingu stofnunarinnar á viðfangsefninu. Stofnunin virðist ætla að kæranda hafi verið rétt og skylt að bæði ljúga að viðskiptaaðila félagsins og neita að ræða fjárhagsstöðu fyrirtækisins við einn helsta kröfuhafa þess, á tímavarki þar sem viðskiptavinurinn hafi verið með verulegar áhyggjur af miklum útistandandi kröfum á hendur félaginu. Kærandi mótmæli þessum vinnubrögðum og krefjist þess að ákvörðunin, sem byggir á þessari rökleysu, verði felld úr gildi. Kærandi mótmæli því enn og aftur að hún hafi á einhvern hátt hagnýtt sér fjárhagsupplýsingar um kvartanda til þess að vísa á Podium Imports á umræddum fundi. Ályktun Neytendastofu um þetta sé röng, en til stuðnings henni hafi Neytendastofa ekkert í höndum. Sé þetta að mati kæranda brot á skráðum og óskráðum reglum stjórnisýsluréttarins og í raun grundvallarmannréttindum kæranda um að teljast saklaus uns sekt sé sönnuð. Niðurstaða Neytendastofu sé á þann veg að efni glærukynningarinnar, hvort sem hún hafi verið sýnd eða gerð grein fyrir henni munnlega, hafi verið brot á 16. gr. c laga nr. 57/2005. Ekki sé vikið einu orði að þeim möguleika að efni hennar hafi ekki verið rétt, sem sé hið rétta í málinu. Stofnunin vísi ekki til nokkurs sem styðji ályktun hennar og rökstyðji mál sitt ekki að nokkru einasta leyti. Kærandi mótmæli harðlega þessum vinnubrögðum og telji ólöglegt af hálfu Neytendastofu að ákveða að tilteknir hlutir hafi verið framkvæmdir og ætla kæranda að hafa brotið lög, án þess að hafa nokkuð í höndum er styðji mál stofnunarinnar. Hvorki hafi verið leitað til Bodegas Faustino, sem sagt hafi upp viðskiptasambandi sínu við kvartanda í lok júlí 2010 og leitað til Vífilfells, né [X], sem einnig hafi setið fundinn.
68. Framanrakin vinnubrögð Neytendastofu séu með öllu óforsvaranleg. Ekki verði séð hvaða þörf sé á andmælum aðila, skýringum og greinargerð, hafi stofnunin frjálssar hendur til að ákveða hvað hafi gerst og hvað ekki, án þess að nokkurra gagna njóti við eða nauðsynlegt sé að rannsaka mál og upplýsa áður en tekin sé ákvörðun í því. Kærandi telji málsmeðferðina gróft brot á ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993, einkum 10. og 13. gr. Þá sé rétt að taka fram að Neytendastofa telji að kærandi hafi með framangreindri háttsemi brotið gegn banni 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Kærandi bendir á að hafi atvik verið með þeim hætti sem Neytendastofa lýsi, geti það ekki falið í sér brot á lagaákvæðinu, enda kveði ákvæðið á um að bann við þeirri háttsemi sem þar sé rædd, gildi aðeins eftir að starfi sé lokið og í þrjú ár eftir það tímamark. Eins og áður sé nefnt hafi kærandi ennþá verið í fullu starfi fyrir kvartanda er fundurinn fór fram, í fullu umboði stjórnar félagsins. Sú háttsemi sem Neytendastofa ætli að hafi verið brot gegn lögnum, einkum umræður um fjárhagsmálefni kvartanda, geti því ekki talist brot gegn lagaákvæðinu, enda falli hún ekki undir verknaðarlýsingu ákvæðisins. Sé þetta verulegur annmarki á ákvörðun stofnunarinnar. Með vísan til framanritaðs sé þess krafist að ákvörðun Neytendastofu í heild sinni, eða í það minnsta framangreindur hluti hennar, verði felld úr gildi.

69. Í hinni kærðu ákvörðun sé komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 með því að fullyrða við starfsmann vínframleiðandans AB InBev að gjaldþrot blasti við kvartanda. Kærandi hafni þessu og telji niðurstöðu Neytendastofu hvað þetta varði ólögmeta. Atvikum kringum umræddan tölvupóst sé lýst í ákvörðuninni og gögnum málsins. Fyrrverandi starfsmaður AB InBev hafi sent kæranda skilaboð gegnum Facebook síðu hennar og hafi kvaðst þurfa að ná sambandi við hana vegna þess að skuldastaða kvartanda við AB InBev hafi leitt af sér að söluhæsta vara AB InBev á Íslandi, Stella Artois, hafi ekki verið fánleg í verslunum ÁTVR um meira en tveggja mánaða skeið sumarið 2010. Það geti innkaupadeild ÁTVR staðfest. Starfsmaður AB InBev hafi viljað varpa ljósi á stöðu mála vegna vaxandi uggs yfirmanna útflutningsdeildar fyrirtækisins í Þýskalandi.
70. Þetta hafi verið í september 2010, þremur mánuðum eftir starfslok kæranda hjá kvartanda. Starfsmaður AB InBev hafi ekki haft upplýsingar um hvernig ná mætti sambandi við kæranda eftir að hún hætti störfum hjá kvartanda. Þess beri að geta að kærandi og umræddur starfsmaður séu í persónulegum vinskap og kærandi hafi litið á tölvupóstinn sem óformlegt spjall. Starfsmaðurinn, sem nú sé hættur hjá InBev sökum aldurs, hafi á þessum tíma starfað að dreifingarmálum fyrir fyrirtækið í nýmarkaðsríkjum, þ.e. Afríku og víðar, en ekkert komið að dreifingarmálum í Evrópu á umræddum tíma. Kærandi hafi svarað honum strax í tölvubréfi frá netfangi sínu hjá Podium Imports og þar m.a. skýrt ástæður sínar fyrir því að hún hafi hætt störfum fyrir kvartanda. Þar hafi hún tjáð sig um að kvartandi stefndi í þrot og að félagið skuldaði vörsluskatta. Undir þeim kringumstæðum hafi henni ekki þótt hyggilegt að starfa, enda hefði það mögulega leitt til refsíabyrgðar hennar.
71. Því sé mótmælt, sem fram komi í hinni kærðu ákvörðun, að fjárhagsstöðu stjórnarformanns kvartanda sé lýst af nákvæmni í tölvubréfinu eða að það skipti einhverju máli fyrir þetta mál. Neytendastofa telji að upplýsingar um mögulegt gjaldþrot kvartanda og umfjöllun um stjórnarformann kvartanda hafi verið veiting upplýsinga um atvinnuleyndarmál kvartanda. Verði ekki með nokkru móti séð að persónuleg fjárhagsmálefni stjórnarformanns fyrirtækisins teljist til atvinnuleyndarmála fyrirtækisins í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005, enda vandséð hvernig slíkar upplýsingar falli undir verndarhagsmuni ákvæðisins. Fjárhagsmálefni hans falli ekki undir það sem nefnt sé „starf“ og „starfsemi“ í lagaákvæðinu. Það sé ósatt og órökstutt að fjárhagur hans sé óhjákvæmilega tengdur fyrirtækinu. Persónuleg fjárhagsmálefni stjórnarformanns í fyrirtæki séu engan veginn „óhjákvæmilega“ tengd því fyrirtæki sem hann gegni stjórnarformennsku fyrir. Þar sem Neytendastofa kjósi að rökstyðja þetta atriði ekki á nokkurn hátt sé látið við það sitja í bréfinu að mótmæla niðurstöðu stofnunarinnar um þetta atriði og að það hafi þýðingu fyrir málið. Kærandi mótmæli því að með því að taka svo til orða í tölvupóstinum, að kvartandi væri mögulega á leið í gjaldþrot, hafi hún brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005, sem ætlað sé að vernda atvinnuleyndarmál. Ákvæðið fái þó nokkra umfjöllun í greinargerð með þeim frumvörpum sem urðu að lögum nr. 56/1978 og nr. 8/1993, þar sem það sé skýrt út. Ljóst megi vera af þeim útskýringum að því fari víðs fjarri að það taki til þeirra ummæla og upplýsinga sem í ákvörðun Neytendastofu hafi verið talin brot gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005. Ljóst sé að verndarhagsmunir ákvæðisins séu raunveruleg atvinnuleyndarmál og raunverulegar upplýsingar.

72. Þau ummæli kæranda sem Neytendastofa hafi talið brot á lögum hafi ekki haft að geyma nokkur atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Engar nákvæmar fjárhagsupplýsingar hafi verið veittar um fyrirtækið. Þeirri almennu skoðun hafi aðeins verið lýst að gjaldþrot blasti við kvartanda að óbreyttu. Þá skoðun geti hver sem er haft á fyrirtækinu. Að mati kæranda hefði þurft að veita mun nákvæmari upplýsingar um rekstrarstöðu fyrirtæksins svo að um brot á lögum hafi getað verið að ræða. Engar slíkar upplýsingar hafi verið veittar. Í raun hafi aðeins verið um skoðun kæranda að ræða, sem henni sé fullkomlega frjálst að hafa, m.a. í skjóli 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Til þess sé að líta að fyrirtækið sé enn í rekstri. Ekki liggja fyrir að það hafi raunverulega stefnt í gjaldþrot á þessum tíma. Sé það rétt, sem kvartandi fullyrði, að fyrirtækið hafi ekki verið að stefna í gjaldþrot og að það hafi verið rangt hjá kæranda að segja það, sé augljóst að ekki hafi verið um það að ræða að neinum atvinnuleyndarmálum fyrirtækisins hafi verið ljóstrað upp.
73. Miklu nær væri þá að líta á umrædd ummæli, almenn ummæli þess efnis að fyrirtækið sé að fara á hausinn, sem óréttmæt ummæli í garð fyrirtækisins. Nær væri þá að fyrirtækið léti reyna á réttarstöðu sína gagnvart kæranda á grundvelli laga um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum nr. 71/1928. Þau lög veiti hlutafélögum sömu lagavernd sem einstakir menn gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem fallin séu til þess að hnekkja atvinnurekstri þeirra og kveði á um bótarétt vegna þeirra. Hafi ummælin um mögulegt gjaldþrot kvartanda verið röng og óréttmæt, svo sem kvartandi haldi mjög fram, blasi við að ekki geti hafa verið um uppljóstrun atvinnuleyndarmála að ræða og því ekki brot á 16. gr. c laga nr. 57/2005, heldur ósönn óréttmæt ummæli. Kærandi mótmæli því að hægt sé að brjóta gegn ákvæðinu ef ekki sé um raunverulegar og réttar upplýsingar að ræða. Ákvörðun Neytendastofu um að meint röng ummæli kæranda um gjaldþrot kvartanda séu brot á nefndu lagaákvæði sé því röng og beri að fella hana úr gildi.
74. Í niðurlagi kæru segir loks að líkt og rakið hafi verið sé hin kærða ákvörðun haldin verulegum annmörkum. Byggt sé á ósönnuðum og óupplýstum meintum atvikum sem staðreyndum. Það sé í besta falli ámælisvert af hálfu opinbers stjórnvalds. Í niðurlagi ákvörðunarinnar segi til að mynda að í ljósi þess að kærandi hafi gerst hluthafi og starfsmaður Podium Imports á meðan hún starfaði enn hjá kvartanda, eða eigi síðar en um það leyti sem hún hætti þar störfum, og með hliðsjón af því að hún hafi hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda í beinni samkeppni við fyrirtækið, hafi hún brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Ekkert af þessu eigi við rök að styðjast og sé um tilbúning af hálfu Neytendastofu að ræða. Undir rekstri málsins hafi engra gagna verið óskað af hálfu Neytendastofu um það hvenær kærandi gerðist hluthafi í Podium Imports, en það hafi hún ekki verið á því tímamarki sem Neytendastofa haldi fram. Henni hefði reyndar ekki verið það óheimilt hvort sem er. Þá hafi á engum tímamarki verið óskað upplýsinga frá kæranda um það hvenær hún hafi hafið störf fyrir Podium Imports, en það hafi ekki verið á þeim tímamarki sem Neytendastofa haldi fram. Ranglega sé dylgjað í ákvörðuninni um að kærandi hafi ráðið [X] til kvartanda í njósnaatilgangi einum saman. Sé þó byggt á öllu þessu sem staðreyndum í ákvörðuninni. Því sé öllu mótmælt sem rakalaus og staðlausu. Þá sé meint háttsemi kæranda, sem eigi ekkert skylt við verknaðarlýsingu 16. gr. c laga nr. 57/2005, engu að síður talin brjóta gegn ákvæðinu, án þess að nokkur rökstuðningur sé settur fram því til stuðnings. Ákvörðunin sé

samkvæmt framangreindu ólögmat og haldin verulegum annmörkum, enda byggji hún á kolröngum forsendum og upplýsingum og þess sé krafist að hún verði felld úr gildi í heild sinni.

75. Með bréfi, dags. 11. maí 2012, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 25. maí 2012, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Neytendastofa hafnar öllum ávirðingum kæranda þess efnis að málsmeðferð stofnunarinnar hafi verið byggð á ófullnægjandi sönnunargögnum. Þá hafni stofnunin þeim ávirðingum kæranda að málsmeðferðin hafi verið ólögleg eða ómálefnaleg. Fjallað verði um rökstuðning í þeirri röð sem hann komi fyrir í kærinni.
76. Í greinargerðinni er fyrst vikið að röksemdum kæranda varðandi þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar er lýtur að undirbúningi kæranda að nýjum tilgangi og undirbúningi samþykka Podium Imports á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri kvartanda. Neytendastofa hafni umræddum röksemdum kæranda alfarið og vísi til ganga málsins. Í málinu liggja fyrir fundargerð Engjasmára ehf., dags. 7. júní 2010, síðar Podium Imports ehf., sem kærandi undirriti f.h. nýkjörinnar stjórnar félagsins. Þá undirriti nánar tiltekinn einstaklingur, nú starfsmaður Deloitte, sama skjal f.h. fráfarandi stjórnar. Kærandi haldi því nú fram að hann beri enga ábyrgð á stofnun félagsins og að það hafi alfarið verið dótturfélag Deloitte sem staðið hafi að stofnun þess. Neytendastofa mótmæli því ekki að Lögvit ehf., dótturfélag Deloitte, hafi stofnað félagið, enda komi það skýrt fram í gögnum málsins, sbr. útprentun frá hlutafélagaskrá. Neytendastofa hafi ekki horft framhjá þessari staðreynd eins og haldið sé fram í kæru. Hins vegar sé ljóst samkvæmt því sem fram hafi komið í gögnum málsins að Lögvit hafi stofnað félagið f.h. kæranda og annarra. Þessu til stuðnings bendi Neytendastofa á upplýsingar sem komi fram í títtnefndri glærुकyningu, sem merkt sé fundur með Bodegas Faustino 27. maí 2010, en þar segi m.a.: „Við höfum þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni“. Þá komi fram í tölvupósti kæranda til starfsmanns AB InBev, sem sendur hafi verið eftir að kærandi lauk störfum hjá kvartanda: „Almost all of the management team has left him and Karlsson will go bankrupt very soon. Therefore I had to make a decision to work for the competition or start my own firm. I decided to open up my own and the name is PODIUM IMPORTS Ltd. There are three owners, me, Mr [X] and Mr. [Y].“
77. Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að umrætt félag hafi verið stofnað fyrir kæranda eins og fram komi í ákvörðun Neytendastofu. Undir þessum lið kærunnar séu einnig gerðar athugasemdir við fullyrðingu stofnunarinnar er snerti ráðningu [X] til kæranda. Neytendastofa hafni umræddum rökum kæranda og vísi til þeirra gagna málsins sem legið hafi til grundvallar hinni kærðu ákvörðun. Varðandi þau rök kæranda að [X] hafi ekki fengið að njóta andmælaréttar bendi Neytendastofa á að engin stjórnvaldsákvörðun hafi verið tekin varðandi þátt [X] í málinu enda hafi kvörtunin ekki beinst að honum. Ákvörðun stofnunarinnar hvað varði þátt [X] snúi að því að kærandi hafi átt hlut að ráðningu hans til kvartanda og undirbúningi að stofnun Podium Imports ehf. Þá bendi Neytendastofa á að nafn [X] komi ekki fram í ákvörðun stofnunarinnar.
78. Í greinargerð Neytendastofu er næst vikið að röksemdum kæranda varðandi þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar er lýtur að veitingu upplýsinga til fulltrúa Bodegas Faustino og hagnýtingu þeirra. Neytendastofa hafni umræddum rökum kæranda. Fyrir liggja glærुकyning sem beri heitið

„Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010“, sem merkt sé kæranda og öðrum starfsmanni kvartanda, ásamt minnispunktum kæranda í glærुकyningunni. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að ekki hafi verið ljóst hvort kynningin hafi verið sýnd. Neytendastofa telji að þar sem umrædd kynning sé merkt þessum tiltekna fundi sé augljóst að efni glærुकyningarinnar hafi verið umræðuefni hans, hvort sem kynningin hafi verið sýnd eður ei. Neytendastofa vilji benda á að umrædd glærुकyning sé í raun tvískipt með þeim hætti að byrjað sé á að fjalla um málefni kvartanda. Þar komi fram umræðupunktur kæranda sem fjalli m.a. um yfirvofandi gjaldþrot kvartanda. Í punktum kæranda segi: „Þegar það var útséð að félaginu verður ekki bjargað frá gjaldþroti sá ég mér ekki annan kost en að segja upp störfum“. Í síðari hluta kynningarinnar kynni kærandi hið nýja fyrirtæki Podium Imports fyrir Bodegas Faustino og þá kosti sem það fyrirtæki hafi, þ.m.t. kæranda og [X] sem starfsmenn þess. Þeim ávirðingum kæranda að engin gögn séu til grundvallar ákvörðun stofnunarinnar sé alfarið hafnað með vísan til framangreinds.

79. Undir þessum lið kærunnar taki kærandi fram að hafi háttsemin verið með þeim hætti sem Neytendastofa telji, þá hafi kærandi ekki brotið gegn 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, enda hafi kærandi verið í fullu starfi fyrir kvartanda þegar fundurinn hafi farið fram og í fullu umboði stjórnar kvartanda. Neytendastofa hafni þessum rökum. Í 1. másl. 2. mgr. 16. gr. c komi fram að sá sem hafi á réttmætan hátt í starfi sínu fengið vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum megi ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Í 2. másl. 2. mgr. 16. gr. komi fram að eftir að viðkomandi hafi lokið störfum þá gildi bannið í þrjú ár frá því að starfi lauk eða samningi var slitið. Ákvæðið gildi því meðan viðkomandi sé í starfi fyrir fyrirtæki og þremur árum eftir að hann ljúki störfum. Þá telji Neytendastofa augljóst að kæranda hafi verið óheimilt að ræða málefni kvartanda á fundi með viðskiptamanni kvartanda með þeim hætti sem fram komi í umræddri glærुकyningu og að kynna til sögunnar sitt eigið fyrirtæki sem hugsanlegan umboðsaðila Bodegas í stað kvartanda.
80. Í greinargerð Neytendastofu er loks vikið að röksemdum kæranda varðandi þann þátt hinnar kærðu ákvörðunar er lýtur að tölvupósti kæranda til starfsmanns AB InBev. Neytendastofa hafni umræddum röksemdum kæranda og vísi til umfjöllunar um 16. gr. c laga nr. 57/2005 í hinni kærðu ákvörðun. Í lögskýringargögnum um ákvæðið komi fram að þeir hagsmunir sem ákvæðið verndi séu atvinnuleyndarmál. Slík leyndarmál geti verið rekstrarleyndarmál, verslunar- eða viðskiptaleyndarmál, sem geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrá m yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Að mati Neytendastofu séu upplýsingar um fjárhagsmálefni fyrirtækis, sem ekki séu opinberar, atvinnuleyndarmál í skilningi ákvæðisins og njóti sem slíkar verndar þess.
81. Hvað varði upplýsingar um fjárhagsmálefni stjórnarformanns kvartanda bendi Neytendastofa á að í umræddum tölvupósti kæranda sé fjárhagsstaða kvartanda og stjórnarformanns fyrirtækisins kynnt fyrir starfsmanni AB InBev. Þá sé Podium Imports kynnt fyrir umræddum starfsmanni sem fjársterkur dreifingaraðili á íslenskum markaði. Í ákvörðun stofnunarinnar komi fram að kærandi sjálfur hafi talið fjárhag stjórnarformanns óhjákvæmilega tengdan fyrirtækinu. Umræddur tölvupóstur beri það skýrlega með sér að kærandi tengi sjálfur fjárhagsstöðu stjórnarformanns kvartanda við fjárhagsstöðu kvartanda og telji óheppilegar persónulegar fjárfestingar hans ástæðu

Þess að kvartandi sé að fara í þrot. Hvað varði vernd 73. gr. stjórnarskrárinnar á ummælum kæranda þá hafni Neytendastofu þeim rökum. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar sé heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður en til þess þurfi þó skýra lagaheimild. Ummæli kæranda í umræddum tölvupósti til AB InBev séu alls ekki skoðanir hennar á málefnum kvartanda heldur fullyrðingar um staðreyndir sem kvartandi eigi rétt á að séu verndaðar af 16. gr. c laga nr. 57/2005. Að öðru leyti vísi stofnunin til hinnar kærðu ákvörðunar.

82. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 30. maí 2012, var lögmanni kæranda send greinargerð Neytendastofu ásamt fylgigögnum og óskað eftir afstöðu kæranda til hennar. Svar barst með bréfi, dags. 12. júní 2012. Þar er tekið fram að í hinni kærðu ákvörðun sé komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005 með því að vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf., á meðan hún starfaði hjá kvartanda. Í ákvörðuninni sé þetta rökstutt með vísan til þess að hún hafi gengið í stjórn Podium Imports ehf. hinn 7. júní 2010 og hljóti því að hafa unnið að breytingum á samþykktum félagsins fyrir þann tíma. Við meðferð málsins hjá Neytendastofu og í kærðu sé þessu hafnað og bent á að hún hafi alls ekki unnið að undirbúningi að nýjum tilgangi og nýjum samþykktum félagsins, meðan hún starfaði hjá kvartanda. Ákvörðun Neytendastofu sé því röng að þessu leyti. Bent sé á í kærinni að engin gögn eða rök styðji þessa ályktun Neytendastofu. Nú bregði svo við að í greinargerð stofnunarinnar sé tilgreint að sönnunargögnin fyrir þessari niðurstöðu séu annars vegar setningin (á íslensku) í glærुकyningunni með birginum Bodegas Faustino, „Við höfum þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni“, og hins vegar tölvupóstur kæranda frá september 2010, nokkrum mánuðum eftir að störfum hennar lauk fyrir kvartanda, þar sem hún upplýsi að hún sé meðeigandi í Podium Imports ehf. Hvorugt sanni hins vegar á nokkurn einasta hátt að kærandi hafi með nokkrum hætti komið að vinnu við stofnun Podium Imports, svo sem að breytingum á samþykktum félagsins, eins og niðurstaða Neytendastofa byggja á. Fyrir liggja að kærandi hafi hafið störf fyrir félagið 7. júní 2010, en starfslok hennar hjá kvartanda hafi verið 1. júní 2010, sbr. starfslokasamning hennar við kvartanda.

83. Eins og rakið sé í kærinni sé óumdeilt að kæranda hafi ekki verið óheimilt að hefja störf í samkeppni við kvartanda eftir að störfum hennar lauk þar. Henni hefði heldur ekki verið óheimilt, sérstaklega eftir að hún hafði sagt upp störfum fyrir kvartanda, að eiga hlut í einkahlutafélagi sem stundaði enga starfsemi. Starfsemi Podium Imports ehf. hafi í raun engin verið áður en kærandi hóf þar störf. Verði ekki séð að hún geti hafa gerst brotleg við ákvæði laga nr. 57/2005 með því einu að hafa átt hlut í slíku félagi áður en störfum hennar fyrir kvartanda lauk. Allt að einu hafi hún hvergi komið nærri stofnun félagsins og/eða breytingum á samþykktum þess áður en störfum hennar fyrir kvartanda lauk, en það sé sú háttsemi sem Neytendastofa telji hafa verið óheimila. Hvað varði þá kenningu Neytendastofu, sem birtist í ákvörðun hennar, um að [X] hafi verið ráðinn af kæranda til kvartanda á fölskum forsendum, þá verði ekki séð að í greinargerð Neytendastofu komi fram sérstakar athugasemdir við efni kærinnar. Neytendastofa vísi einfaldlega til þeirra gagna sem legið hafi til grundvallar ákvörðunar stofnunarinnar. Ákvörðunin byggja hins vegar ekki á neinum gögnum og ályktanir Neytendastofu um þetta atriði séu rangar. Ekki sé hægt að túlka greinargerð Neytendastofu hvað þetta varði með öðrum hætti en að fallist sé

á röksemdir kæranda. Þetta sé þó ekki höfuðatriði í málinu, þar sem ekki sé úrskurðað um nokkurt atriði þessu tengt í hinni kærðu ákvörðun.

84. Annar liður í hinni kærðu ákvörðun lúti að því að kærandi hafi brotið lög með því að ræða fjárhagsstöðu kvartanda við birginn Bodegas Faustino, með því að gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot kvartanda og hagnýta sér þær upplýsingar með því að vísa á Podium Imports ehf. Kærandi bendi á það í kæru sinni og ítreki að hún hafi enn verið framkvæmdastjóri kvartanda þegar fundurinn hafi átt sér stað, hinn 27. maí 2010, og haft fullt leyfi og umboð til að ræða fjárhagsstöðu félagsins á þeim fundi. Raunar hafi henni borið skylda til þess samkvæmt samningi við þennan aðila. Framangreind háttsemi geti því ekki hafa falið í sér brot á lögum nr. 57/2005. Þá sé bent á að það skjóti skökku við að kvartandi skuli sjálfur halda því fram að það hafi verið rangar upplýsingar að félagið hafi stefnt í þrot, en Neytendastofa telji að sömu upplýsingar hafi verið trúnaðarupplýsingar sem óheimilt hafi verið að láta af hendi. Ef það sé rétt, sem fyrirtækið haldi sjálft fram, þá hafi ekki verið um uppljóstrun atvinnu-/rekstrarleyndarmála að ræða, heldur einfaldlega rangar fullyrðingar um stöðu fyrirtækisins, sem ekki sé brot samkvæmt 16. gr. c laga nr. 57/2005. Kærandi árétti þetta, en einnig að þetta hafi verið mat hennar á þeim tíma sem fundurinn hafi farið fram, og hún hafi haft fullt umboð til að tjá sig með þeim hætti sem hún gerði.
85. Í lögskýringargögnum með núgildandi ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 komi skýrt fram að gera verði þær kröfur svo að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggja í hlutarins eðli. Hvorugt hafi Neytendastofa sýnt fram á að átt hafi við hvað þetta atriði ákvörðunarinnar varði. Í greinargerð Neytendastofu sé einfaldlega notast við orðfærið „telur Neytendastofa augljóst að kæranda hafi verið óheimilt að ræða málefni [kvartanda] á fundi með viðskiptamanni [kvartanda]“. Ekkert augljóst sé við það að kæranda hafi verið þetta óheimilt stöðu sinnar vegna, þvert á móti. Neytendastofa færi engin rök fyrir hinni „augljósu“ niðurstöðu sinni. Beri að fella ákvörðunina úr gildi að þessu leyti. Hvað varði meinta hagnýtingu kæranda á fjárhagsupplýsingum kvartanda, til að vísa á Podium Imports, þá mótmæli hún því enn og aftur að hún hafi á einhvern hátt hagnýtt sér fjárhagsupplýsingar um kvartanda, til þess að vísa á Podium Imports á umræddum fundi. Ályktun Neytendastofu um þetta sé röng. Til stuðnings henni hafi Neytendastofa ekki lagt neitt fram og ekki rökstutt niðurstöðu sína með málefnalegum hætti. Neytendastofa hafi t.a.m. ekki aflað upplýsinga um málið frá fulltrúa Bodegas Faustino, sem setið hafi umræddan fund, þ.e.a.s. hvort reynt hafi verið að fá þennan birgi í viðskipti við Podium Imports ehf. Fyrir liggja að nefndur viðskiptamaður hafi ekki slitið viðskiptasambandi sínu við kvartanda fyrr en í lok júlí 2010. Hann hafi þá lýst mikilli óánægju sinni með langvarandi vanskil félagsins og flutt viðskiptin, en ekki til Podium Imports. Sé uppsagnarbréf hans meðfylgjandi bréfinu.
86. Hvað varði tölvupóst kæranda í september 2010 séu þau sjónarmið í kæru áréttuð, að þau ummæli sem Neytendastofa hafi talið brot á lögum, hafi ekki haft að geyma nokkur atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Engar sérstakar fjárhagsupplýsingar hafi verið veittar um fyrirtækið og engin tala eða annað slíkt nefnt varðandi það að félagið skuldaði vörsluskatta. Þeirri almennu skoðun hafi aðeins verið lýst að gjaldþrot blasti við kvartanda að óbreyttu. Ekki liggja ótvírætt fyrir að fyrirtækið hafi raunverulega stefnt í gjaldþrot á þessum tíma og hafi fyrirtækið nú

hafnað því. Hafi þau ummæli verið óréttmæt, svo sem fyrirtækið haldi sjálft fram, geti þau ekki talist brot á ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005. Kærandi hafni með öllu röksemdum Neytendastofu um að fjárhagsmálefni stjórnarformanns félagsins geti fallið undir þá hagsmuni sem lagaákvæðið verndi. Slíkt gæti í besta falli átt undir 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Engu breyti það mat kæranda að erfið fjárhagsstaða félagsins eigi sér m.a. skýringar í ógætilegum fjárfestingum stjórnarformannsins og eiganda félagsins. Það mat hennar leiði ekki til þess að fjárhagsupplýsingar stjórnarformanns og eiganda félagsins falli þar með undir að vera atvinnu- og rekstrarleyndarmál þess í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005.

87. Með bréfi kæranda fylgi þau gögn sem kærandi hafi lagt fram hjá Neytendastofu í málinu. Stofnunin hafi af einhverjum ástæðum einungis lagt fram gögn fyrir áfrýjunarnefndina sem kvartandi hafi lagt fram í málinu, en ekki gögn kæranda. Sé það því gert hér með, um leið og fundið sé að því verklagi að Neytendastofa leggi aðeins fram gögn sem annar aðili málsins hafi lagt fram. Um sé að ræða eftirtalin gögn. Í fyrsta lagi starfslokasamning kæranda hjá kvartanda, dags. 7. júní 2010. Þar lýsi félagið því yfir að kærandi hafi látið að störfum sem framkvæmdastjóri félagsins 1. júní 2010 og hvorugur aðili eigi eftirleiðis kröfu á hinn. Skjalið sýni að starfslok kæranda hafi í raun verið 1. júní 2010, en hún hafi gengið í stjórn Podium Imports 7. júní 2010. Neytendastofa virðist hafa talið þá viku sem á milli leið næga ástæðu til að ætla kæranda að hafa starfað að óheilindum fyrir kvartanda og hafi hlotið að vera í fullu starfi fyrir Podium Imports á meðan og unnið að breytingum á samþykktum þess félags, en allt sé þetta rangt. Í öðru lagi sé um að ræða yfirlýsingu kvartanda til viðskiptamanna félagsins, frá nóvember 2010, um að félagið hafi lagt fram kæru hjá lögreglu á hendur kæranda fyrir lögbrot hennar í starfi. Dylgjað sé um fjárdrátt og fleiri ósannar ávirðingar.
88. Í þriðja lagi sé um að ræða staðfestingu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að engin kæra hafi verið lögð fram á hendur kæranda. Kæra hafi aldrei verið lögð fram á hendur henni hjá lögreglu og framangreindar ásakanir kvartanda, sem birgjum hafi verið sendar, hafi verið upplognar. Samskiptin sýni fram á að fyrirsvarsmenn félagsins hafi viðhaft óheilindi og borið út ósannindi um kæranda. Neytendastofa hafi þrátt fyrir þetta talið allt trúverðugt sem félagið hafi haldið fram í málinu, án þess að fullyrðingar þess væru studdar sönnunargögnum. Eina ástæðan fyrir þessari háttsemi kvartanda, sem kæranda geti komið til hugar, sé að sumir af þeim óánægðu viðskiptavinum kvartanda sem sagt hafi upp samningum sínum við félagið, hafi farið í viðskipti við Podium Imports og hafi kvartandi reynt að skemma fyrir félaginu með því að dreifa ósannindum til birgja og kæru til Neytendastofu sem hafi frekari ósannindi að geyma. Í fjórða lagi sé um að ræða uppsagnarbréf Faustino til kvartanda frá júlí 2010. Bréfið sýni fram á langvarandi alvarlega stöðu kvartanda gagnvart Bodegas Faustino, sem m.a. hafi orðið til þess að kærandi hafi haldið fund með birginum 27. maí 2010 og farið þar, að kröfu birgisins, yfir fjárhagsstöðu kvartanda og möguleika fyrirtækisins til að greiða skuldir sínar. Bréfið sýni að Neytendastofa hafi verið á algjörum villigötum í ályktunum sínum um samband birgisins og Bodegas Faustino. Að öðru leyti séu áréttuð þau sjónarmið og þær kröfur sem fram komi í kæru.
89. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til lögmanns kvartanda, dags. 14. júní 2012, voru kvartanda send fyrirleggjandi gögn á kærustigi og óskað eftir afstöðu hans til kærunnar. Svar barst

með bréfi, dags. 3. júlí 2012, eftir að frestur hafði verið framlengdur að beiðni kvartanda. Í bréfinu er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Því til stuðnings er vísað til þeirra málsástæðna kvartanda sem fram komu í kvörtuninni til Neytendastofu, röksemda Neytendastofu í hinni kærðu ákvörðun og greinargerðar Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá er sú krafa gerð að Neytendastofu verði gert að framsenda málið til lögreglunnar til frekari rannsóknar og ákærumeðferðar.

90. Í bréfinu segir að kvartandi telji ekki þörf á því að svara kærinni ítarlega, enda bæti hún engu við málsástæður í greinargerð kæranda til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2011. Máltilbúnaður kæranda einkennist líka af órökstuddum og tilefnislausum gífuryrðum, sem séu í engu samræmi við fyrirliggjandi gögn málsins. Staðhæfingar kæranda um meint þekkingarleysi Neytendastofu, um að niðurstaða stjórnvaldsins sé út í hött og að málsmeðferð þess hafi verið „úr velsæmi“, hvað sem það þýði, sé t.d. í engu samræmi við gögn málsins. Þá sé því haldið fram í kærðu að stjórnarformaður kvartanda eigi „mesta sök á ógæfu félagsins“, án þess að það sé rökstutt nánar. Það veki einnig athygli að kærandi skuli ekki leggja fram gögn sem stutt gætu máltilbúnað hennar, þrátt fyrir ríkt tilefni. Til að mynda séu ekki lögð fram gögn um það hvenær kærandi hafi orðið hluthafi í Podium Imports ehf. Kvartandi spyr hverjir hafi verið hluthafar félagsins þegar kærandi eigi að hafa verið ráðin til starfa hjá félaginu og hvort ráðningarsamningur hafi verið gerður við hana vegna starfa hennar fyrir félagið. Ekki sé upplýst um fund kæranda og [X] með birginum Bodegas Faustino. Á fundinum hafi verið dylgjað um gjaldþrot kvartanda samtímis því sem staða Podium Imports ehf. hafi verið fegruð. Þessar upplýsingar, sem auðvelt sé að útvega, gætu auðveldlega stutt máltilbúnað kæranda um það sem fram fór á fundinum. Þar sem kærandi hafi kosið að leggja ekki fram þessi gögn, þrátt fyrir ríkt tilefni, annars vegar, og þar sem staðhæfingar kæranda séu í ósamræmi við fyrirliggjandi gögn málsins, hins vegar, sé ljóst að hún þurfi að bera hallann af því hvað teljist sannað í þessu máli. Rannsóknarskylda Neytendastofu samkvæmt 10. gr. stjórnisýslulaga leiði ekki til annarrar niðurstöðu.
91. Kvartandi byggir á því að vinna kæranda við undirbúning og stofnun Podium Imports ehf. feli í sér brot gegn 1. málsl. 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, eins og málavöxtum sé háttað. Fyrirliggjandi gögn staðfesti að kærandi hafi formlega hafið störf hjá Podium Imports ehf. þann 7. júní 1010, þegar hún ritaði undir fundargerð hluthafafundar félagsins fyrir hönd nýrrar stjórnar, sbr. fyrirliggjandi fundargerð. Athygli veki að kærandi undirriti fundargerðina fyrir hönd „nýkjörinnar stjórnar“ þrátt fyrir að hún hafi ekki verið kjörin í stjórn félagsins á hluthafafundinum, sbr. fyrirliggjandi fundargerð og útprentun úr hlutafélagaskrá. Kærandi hljóti því að hafa verið á hluthafafundinum sem hluthafi félagsins. Aðrar útskýringar séu að minnsta kosti mjög ótrúverðugar með vísan til gagna málsins og 55. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.
92. Að mati kvartanda sé jafnframt hafið yfir allan vafa að kærandi hafi starfað í þágu Podium Imports ehf. áður en hún hætti störfum hjá kvartanda þann 1. júní 2010, sbr. fyrirliggjandi samkomulag um starfslok. Því til stuðnings vísist til eftirtalinna atriða: 1) Boðað hafi verið til hluthafafundar í Podium Imports ehf. „vegna breyttrar eignaraðildar“, sbr. fyrirliggjandi fundargerð. 2) Í glærुकyningu, sem óumdeilt sé að kærandi hafi undirbúið fyrir fund með birginum Bodegas Faustino, komi fram að „EB“, sem sé augljós skírskotun til kæranda, eigi

33,3% af hlutfé Podium Imports ehf. Fundurinn hafi verið haldinn 27. maí 2010, fjórum dögum fyrir starfslok kæranda hjá kvartanda. 3) Í fyrirbyggjandi tölvupósti kæranda til starfsmanns AB InBev sé skírskotað til þess að kærandi hafi stofnað eigin fyrirtæki, Podium Imports ehf. (e. „I decided to open my own and the name is Podium Imports LTD“). Þessi staðhæfing sé í samræmi við þá staðreynd að kærandi hafi verið viðstödd hluthafafund Podium Imports ehf. þegar félagið hafi raunverulega verið stofnað, sbr. fyrirbyggjandi fundargerð frá 7. júní 2010 og útprentun úr hlutafélagsskrá. Félagið hafi áður verið svokallað „skúffufélag“ með engan rekstur í eigu Deloitte hf.

93. Eins og fram komi í hinni kærðu ákvörðun bendi gögn málsins til þess að Podium Imports ehf. hafi verið stofnað í þeim tilgangi að yfirtaka viðskiptasamninga og birgja kvartanda. Glærुकyning kæranda, tölvupóstur hennar til birgja, ráðning [X] o.fl. staðfesti þessar sakir að mati kvartanda. Vinna kæranda við undirbúning og stofnun félagsins hafi því brotið gegn 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 eins og atvikum sé háttað í málinu. Þegar af þeirri ástæðu beri að staðfesta hina kærðu ákvörðun varðandi þessa háttsemi kæranda.
94. Kvartandi byggi á því að hafið sé yfir allan vafa að kærandi hafi sýnt starfsmanni Bodegas Faustino þá glærुकyningu sem fyrir liggja og að efni hennar hafi verið til umræðu á fundi sem kærandi hafi haldið með ónafngreindum starfsmanni birgisins þann 27. maí 2010. Efni kynningarinnar sé þess eðlis að miðlun þess brjóti augljóslega gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005. Þegar af þeirri ástæðu beri að staðfesta hina kærðu ákvörðun varðandi þessa háttsemi kæranda. Kvartandi mótmæli því að fundurinn með birginum hafi verið haldinn með vitund og vilja stjórnar kvartanda, eins og haldið sé fram í kæru. Stjórn kvartanda hafi ekki verið upplýst sérstaklega um fundinn, sem haldinn hafi verið að frumkvæði kæranda. Stjórnin hefði líka augljóslega komið í veg fyrir fundinn ef hún hefði verið upplýst um fyrirætlanir kæranda með Podium Imports ehf. Það vekur líka óneitanlega athygli að kærandi skuli hafa tekið [X] með sér á fundinn til að ræða „alvarlega stöðu [kvartanda] gagnvart [birginum]“ og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum, eins og segi í greinargerð kæranda til Neytendastofu. Á þessum tíma hafi [X], samstarfsmaður kæranda og sameigandi hennar að Podium Imports ehf., verið hættur störfum hjá kvartanda, eins og greint sé frá í kvörtuninni til Neytendastofu. Hann hafi lokið störfum um mánaðamótin apríl/maí 2010. Tveir nafngreindir einstaklingar geti staðfest starfslok hans verði eftir því leitað. Engin skrifleg gögn séu til um starfslokinn þar sem kærandi hafi ekki gætt þess að gera skriflegan ráðningarsamning við [X] þegar hann var ráðinn til starfa hjá kvartanda.
95. Þá sé athyglisvert að kærandi og [X] hafi farið saman á fundinn þar sem það sé óumdeilt að þau hafi bæði verið búin að ákveða fyrir fundinn að hætta störfum hjá kvartanda til að starfa fyrir eigið fyrirtæki, Podium Imports ehf., í beinni samkeppni við kvartanda. Að mati kvartanda staðfesti viðvera [X] á fundinum að glærुकyningin hafi hvorttveggja verið rædd og sýnd á fundinum, enda sérstök umfjöllun í kynningunni um [X]. Staðhæfingar kæranda um annað séu að minnsta kosti mjög ótrúverðugar og ósannaðar með tilliti til málavaxta. Tímasetning fundarins vekur jafnframt athygli þar sem fundurinn hafi verið haldinn fjórum dögum fyrir starfslok kæranda hjá kvartanda. [X] hafi þegar verið hættur, eins og fyrr segi. Í gögnum málsins hafi kærandi ítrekað greint frá því að hún hafi hætt störfum hjá kvartanda þar sem félagið væri á leiðinni í gjaldþrot og

að hún óttaðist að þurfa að bera ábyrgð á svokölluðum vörslusköttum félagsins, sbr. fyrirbyggjandi tölvupóst hennar til starfsmanns AB InBev og svarbréf lögmanns hennar til lögmanns kvartanda. Þrátt fyrir fyrirsjáanlegt gjaldþrot kvartanda segist kærandi hafa verið á fundinum til að ræða leiðir til að laga „alvarlega skuldastöðu“ kvartanda. Að mati kvartanda sýni þessi staðhæfing, ásamt öðru, fram á ótrúverðugleika kæranda í málinu.

96. Þá veki efni kynningarinnar athygli þar sem það sé í samræmi við fyrirbyggjandi tölvupóst kæranda til starfsmanns AB InBev, sem verið hafi birgir kvartanda. Dylgjað sé um gjaldþrot kvartanda og getu til að stunda viðskipti á meðan staða kæranda og fyrirtækis hennar sé fegrud. Kvartandi mótmæli því líka að það hafi verið skylda kæranda að upplýsa birginn um skuldastöðu kvartanda. Upplýsingar um meint gjaldþrot kvartanda, vegna órökstuddra krafna Landsbanka Íslands hf., hafi eðli málsins samkvæmt verið bundnar trúnaði, sérstaklega í ljósi þess að kærandi hafði setið fundi með lögmanni kvartanda, þar sem rætt hafi verið um kröfur Landsbanka Íslands hf. Miðlun slíkra upplýsinga hafi jafnframt brotið gegn fyrirbyggjandi ráðningarsamningi kæranda, sbr. 5. gr. samningsins. Loks sé því mótmælt að kvartandi hafi átt við umrædda glærुकynningu, eins og haldið sé fram í kæru. Þar sé því haldið fram, í fyrsta skipti, að kærandi telji líklegt að átt hafi verið við glærुकynninguna af hálfu kvartanda eftir að hún skilaði tölvu sinni til fyrirtækisins. Áður hafi kærandi ekki viljað „útiloka að átt hafi verið við skjalið og því breytt“, sbr. greinargerð hennar til Neytendastofu. Að mati kvartanda sé það mjög ólíklegt, nánast útilokað, að utanaðkomandi aðili hafi haft ímyndunarafli til að fjalla um kæranda og fyrirtæki hennar með sama hætti og í glærुकynningunni. Að framangreindu virtu og með vísan til fyrirbyggjandi gagna málsins sé þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.
97. Við mat á broti kæranda, sem falist hafi í því að senda fyrirbyggjandi tölvupóst til starfsmanns AB InBev, leggi kvartandi áherslu á eftirfarandi atriði: 1) Kærandi hafi setið fundi með stjórnarformanni kvartanda og lögmanni hans þar sem lagt hafi verið á ráðin um það hvernig bregðast ætti við kröfum Landsbankans hf. á hendur kvartanda. Kærandi hafi einnig setið fund með sömu aðilum og fulltrúum Landsbankans vorið 2009. Þá hafi kærandi hringt í lögmann kvartanda skömmu fyrir starfslok sín til að spyrjast fyrir um samskipti lögmannsins við Landsbanka Íslands hf. vegna krafna bankans á hendur stjórnarformanni kvartanda. 2) Kæranda hafi verið kunnugt um fjárhagsstöðu kvartanda eins og staðfest sé í greinargerð hennar til Neytendastofu og fyrirbyggjandi svarbréfi lögmanns hennar við skaðabótakröfum kvartanda. Í því sambandi sé lögð áhersla á að kröfu Landsbanka Íslands hf. um gjaldþrotaskipti á búi kvartanda hafi verið hafnað af Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. úrskurð frá 28. júní 2011 í máli nr. X-11/2011, sem meðfylgjandi sé bréfinu. 3) Upplýsingar um fjármál Ingvars J. Karlssonar njóti verndar samkvæmt 16. gr. c laga nr. 57/2005 enda hafi hann verið og sé stærsti hluthafi kvartanda. Að öðru leyti vísi kvartandi til kvörtunar sinnar til Neytendastofu og röksemda stofnunarinnar í hinni kærðu ákvörðun. Í lok bréfsins kemur fram að kvartandi vinni að því að útvega gögn frá vínframleiðandanum Torres en kvartandi telji sig hafa upplýsingar um að kærandi hafi sent glærुकynningu, sem sé samhljóða fyrirbyggjandi glærुकynningu, til félagsins.
98. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 6. júlí 2012, var lögmanni kæranda sent framangreint bréf kvartanda ásamt fylgiskjali og kæranda gefinn kostur á að tjá sig um það áður

en málið yrði tekið til úrskurðar. Svar barst með bréfi, dags. 18. júlí 2012. Þar er efni bréfs kvartanda mótmælt í heild sinni. Kvartandi sé ekki varnaraðili þessa máls, svo sem ráða megi af bréfi hans, þótt honum hafi verið veittur umsagnarréttur um kærana. Sérstaklega sé mótmælt kröfu kvartanda um að málið skuli sent lögreglu „til frekari rannsóknar og ákærumeðferðar“. Til þess hafi Neytendastofa enga heimild. Eins og tekið sé fram í hinni kærðu ákvörðun væri slík kæra í verkahring kvartanda sjálfs. Væntanlega leggi kvartandi ekki í það, enda myndi slík kæra fela í sér vísvitandi rangar sakargiftir, sem sé refsivert hegningarlagabrot.

99. Kærandi mótmæli því að rétt sé að beita öfugri sönnunarbyrði í málinu, með því að gera henni að afsanna getgátur Neytendastofu og kvartanda um samskipti hennar við birginn Bodegas Faustino. Kærandi mótmæli því að vera talin sek um einhverja ósannaða háttsemi nema hún sanni sakleysi sitt. Það sé ekki hennar að leggja fram gögn frá Bodegas Faustino um að samskipti hafi ekki verið með einhverjum hætti. Meðan ekki liggi fyrir sannanir um að samskipti kæranda hafi verið með þeim hætti sem haldið sé fram af hálfu kvartanda og Neytendastofu eigi ekki að byggja á því sem staðreyndum að þau samskipti hafi átt sér stað, svo sem gert sé í ákvörðun Neytendastofu og kvartandi fari fram á að verði staðfest. Kærandi árétti að ekkert í samningi hennar við kvartanda eða lögum hafi bannað henni að eiga hlut í Podium Imports ehf. meðan hún var enn starfandi fyrir kvartanda. Engin starfsemi hafi verið í félaginu á þeim tíma sem kærandi starfaði fyrir kvartanda. Kærandi fái því ekki séð hvaða máli eignarhald á Podium Imports ehf. á þeim tíma skipti fyrir mál þetta. Kærandi mótmæli því enn og aftur að hún hafi verið að starfa nokkuð fyrir það félag meðan hún starfaði fyrir kvartanda. Það séu og verði getgátur kvartanda og Neytendastofu, sem ekki séu studdar nokkrum gögnum. Þau gögn sem kvartandi vísi til í bréfi sínu styðji fullyrðinguna ekki á nokkurn hátt. Því sé mótmælt að einhver gögn sem vísi til eignarhalds kæranda á Podium Imports áður en hún hóf störf fyrir kvartanda þýði jafnframt að hún hafi þá „starfað“ fyrir félagið. Þetta sé einfaldlega rangt og um augljósa mistúlkun að ræða á fyrirliggjandi gögnum.

100. Annað dæmi um getgátur kvartanda séu vangaveltur fyrirtækisins varðandi undirskrift kæranda undir fundargerðina frá 7. júní 2010. Réttilega sé bent á að kærandi sé ekki tilgreind þar sem nýr stjórnarmaður í efni fundargerðarinnar, en hún riti samt undir fundargerðina f.h. nýkjörinnar stjórnar. Þetta eigi sér þá ofureinföldu skýringu að um villu sé að ræða í fundargerðinni, sem hafi verið leiðrétt síðar. Skoðun hjá fyrirtækjaskrá leiði í ljós að stjórnarmaðurinn, sem sé ranglega tilgreindur í efni fundargerðarinnar, hafi aldrei verið tilkynntur sem stjórnarmaður í félaginu, þótt það hafi á einhverjum tíma staðið til að sá aðili tæki sæti í stjórn. Kærandi hafi svo komið inn á síðustu stundu, eftir starfslok hennar hjá kvartanda og hafi þá verið ákveðið að hún settist í stjórnina. Til að leita skýringa á þessari villu í fundargerðinni gefi kvartandi sér samt lausan tauminn, svo sem raunin sé með allt þetta mál, um að þetta sýni og sanni eitthvað, sem í ljós komi að eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Kærandi mótmæli því að Podium Imports ehf. hafi verið stofnað „í þeim tilgangi að yfirtaka viðskiptasamninga og birgja varnaraðila“. Ekkert þeirra atriða sem nefnt sé í greinargerð kvartanda, svo sem tölvupóstur til birgja (en ekki komi fram hvaða tölvupóst sé um að ræða), ráðning [X] til kvartanda (ráðning sem hafi verið með fullu samráði stjórnar kvartanda) og glærुकynningin, staðfesti slíkt. Séu þetta staðlausar fullyrðingar af hálfu kvartanda, sem beri að hafna og geti niðurstaða í stjórnsýslumáli ekki verið reist á slíku.

101. Það komi kæranda á óvart að lesa það nú að [X] hafi ekki verið starfsmaður kvartanda á þeim tíma sem fundurinn með Bodegas Faustino hafi farið fram. Eins komi nú fyrst fram sú málsástæða að stjórn kvartanda hafi ekki vitað um fundinn með Bodegas Faustino. Ekkert óeðlilegt sé við að kærandi eða [X] hafi setið fundinn, enda bæði starfsmenn kvartanda á þeim tíma og eins með tilliti til stöðu þeirra hjá félaginu. Núverandi framkvæmdastjóri félagsins geti ekkert vitnað um starfslok [X] hjá félaginu, né væri slíkur vitnisburður marktækur. Þá sé enn rétt að áréttta mótmæli við þeim getgátum að glærुकyningin hafi verið spiluð á fundinum eða efni hennar rætt þar. Fullyrðingar kvartanda um þetta byggi sem fyrir ekki á nokkrum staðreyndum, heldur einungis á þeim rökum að fullyrðingar kæranda um annað séu ótrúverðugar. Sé grundvöllur kröfugerðar fyrirtækisins því mjög veikur.
102. Kærandi mótmæli því að hún hafi brotið gegn 5. gr. ráðningarsamnings síns með því að ræða rekstur fyrirtækisins við einn af lykilbirgjum þess, sem ekki hafi fengið greiddar vörur sínar mánuðum saman, meðan hún gegndi stöðu framkvæmdastjóra félagsins. Í 5. gr. samningsins sé áskilinn trúnaður og þagnarskylda og gildi hún vitaskuld gagnvart óviðkomandi. Fráleitt sé að halda því fram að framkvæmdastjóra félags sé óheimilt að ræða málefni félagsins við viðskiptavinum þess. Í greinargerð kvartanda sé fullyrt að það sé „ólíklegt, nánast útilokað, að utanaðkomandi aðili hafi haft ímyndunarafl í það að fjalla um sóknaraðila og fyrirtæki hennar með sama hætti og í glærुकyningunni“. Í þessu sambandi sé rétt að minna á að kvartandi sé ekki „utanaðkomandi aðili“. Einnig þá staðreynd að glærुकyningin hafi komið upp úr kafinu nokkrum mánuðum eftir að kærandi hafi afhent kvartanda tölvu sína, sem telja verði mjög undarlega háttsemi. Kvartandi hafi einnig haft ímyndunarafl til að breiða út ósannindi um meinta refsiverða háttsemi kæranda og segja birgjum ósatt til um að hún hafi verið kærð til lögreglu vegna þess. Jafnframt hafi kvartandi haft ímyndunarafl til að senda kæranda, fyrirverandi framkvæmdastjóra félagsins, dæmalaust kröfubréf í nóvember 2010, þar sem hún hafi m.a. verið krafin um tjón vegna athafna sem teljist fyllilega eðlilegt að framkvæmdastjóri sinni. Ekki þurfi að koma á óvart að skaðabótakröfum í bréfinu hafi ekki verið fylgt eftir, enda með eindæmum óréttmætar, en kvartanda hafi ekki skort ímyndunarafl til að setja þær saman.
103. Hvað varði fullyrðingar kvartanda um tölvupóstinn sem sendur hafi verið til starfsmanns AB InBev, séu ítrekaðar þær málsástæður sem komi fram í kæru og bréfi kæranda. Ummælin sem Neytendastofa hafi talið brot á lögum hafi ekki haft að geyma nokkur atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Engar sérstakar fjárhagsupplýsingar hafi verið veittar um fyrirtækið og engin tala eða annað slíkt nefnt varðandi það að félagið skuldaði vörsluskatta. Þeirri almennu skoðun hafi aðeins verið lýst að gjaldþrot blasti við kvartanda að óbreyttu. Þá skoðun hafi kærandi víðrað við aðila sem hún hafi engra viðskiptalegra hagsmuna átt að gæta gagnvart. Kærandi telji engu skipta að hún hafi setið fundi með kvartanda og lögmanni félagsins vegna krafna Landsbankans. Í tölvupóstinum hennar sé ekkert vísað í þann fund eða nokkur önnur gögn sem snúi að félaginu.
104. Ekki liggi ótvírætt fyrir að fyrirtækið hafi raunverulega stefnt í gjaldþrot á þessum tíma og hafi fyrirtækið nú hafnað því. Hafi þau ummæli verið óréttmæt, svo sem fyrirtækið haldi sjálft fram, geti þau ekki talist brot á ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005. Kærandi hafni með öllu röksemdum

Neytendastofu um að fjárhagsmálefni stjórnarformanns félagsins geti fallið undir þá hagsmuni sem lagaákvæðið verndi. Slíkt gæti í besta falli átt undir 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Engu breyti það mat kæranda að erfið fjárhagsstaða félagsins eigi sér m.a. skýringar í ógætilegum fjárfestingum stjórnarformannsins og eiganda félagsins. Það mat hennar leiði ekki til þess að fjárhagsupplýsingar stjórnarformanns og eiganda félagsins falli þar með undir að vera atvinnu- og rekstrarleyndarmál þess í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005. Öðru því sem fram komi í greinargerð kvartanda sé mótmælt. Að öðru leyti séu ítrekaðar gerðar kröfur og málsástæður og vísað eftir atvikum til kæru.

105. Með bréfum til lögmans kæranda og kvartanda, dags. 4. september 2012, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að afgreiðsla málsins myndi tefjast vegna mikilla anna nefndarinnar, en stefnt væri að því að úrskurður yrði kveðinn upp fyrir októberlok.

106. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt er að gera nokkra grein fyrir efni tveggja skjala, sem deila aðila lýtur mjög að. Í fyrsta lagi er um að ræða glærुकynningu, sem ber yfirskriftina „Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010“, ásamt nöfnum kæranda og [X]. Texti kynningarinnar er ýmist á ensku eða íslensku. Önnur glæra skjalsins ber fyrrisögnina „Agenda“ og þar segir orðrétt:

- „• Over view
- Current situation of Karl K Karlsson Ltd
 - Ytra umhverfi
 - Innra umhverfi
- Current situation of Bodegas Faustino within this dilemma
- Solutions and future plans“

107. Á þriðju glæru skjalsins er vikið að bankahruninu á Íslandi og erfiðri stöðu íslenskra fyrirtækja og neðst á henni segir: „Þá komum við Karli K Karlssyni og aðstæðum þar“. Á fjórðu glæru skjalsins er síðan orðrétt að finna eftirfarandi texta:

„[...]

“

108. Næsta glæra í skjalinu ber yfirskriftina „The rough and bumpy road of Karlsson“ og í kjölfarið koma m.a. skífurit um hlutfall einstakra birgja hjá kvartanda og skífurit sem sýna hlutdeild hans í vínsölu hér á landi. Síðar í umræddu skjali er síðan að finna kynningu á Podium Imports Ltd. Á elleftu glæru segir þannig „Podium Imports Ltd – your strategic partner in Iceland“ og í kjölfarið koma glærur sem bera fyrirsagnir eins og „The Team – Edda“, „The Office“, „The organisation“, „The values“, „The Mission statement“ „The Goal“ og „The Owners“, en á síðastnefndu glærinni kemur m.a. fram að „EB“ eigi 33,3% í félaginu. Á tuttugustu og níundu glæru, sem ber fyrirsögnina „KKK Debt“, segir orðrétt:

[...]

109. Glæra þrjátíu og eitt í skjalinu ber fyrirsögnina „Todo“ og inniheldur m.a. eftirfarandi texta: „Supplier – Letter of intent for Monopoly – Letter of termination K.Karlsson – Contract draft Podium“. Næsta glæra þar á eftir hefur síðan að geyma tímalínu („Timeline“) þar sem miðað er við fundi („Meetings“) í maí og júní og eftirfarandi dagsetningar koma síðan fram: „Decision“ 4. júní, „Process First Order“ 4. júní, „Contract Podium“ 11. júní, „Termination KKK“ 18. júní, „Letter of Intent Monopoly“ 18. júní og „Podium Imports debut“ 18. júlí.

110. Í öðru lagi er um að ræða tölvupóst kæranda til starfsmanns AB InBev frá september 2010 en þar segir m.a. orðrétt: „[...]

“

111. Að lokum skal hér getið þriggja fyrirliggjandi skjala til viðbótar. Í fyrsta lagi liggur fyrir starfssamningur kæranda og kvartanda, dags. 1. júní 2007, en 5. gr. hans er svohljóðandi: „Starfsmaður heitir fullum trúnaði við fyrirtækið og þagnarskyldu varðandi þau atriði sem hann kann að öðlast í starfi sínu um fyrirtækið og viðskiptavinum þess. Þessi þagnarskylda gildir einnig eftir að starfsmaður lætur að störfum hjá fyrirtækinu.“ Í öðru lagi liggur fyrir samkomulag um starfslok kæranda, dags. 7. júní 2010, en þar segir m.a.: „Með bréfi til formanns stjórnar Karls K. Karlssonar hf., sem dagsett er 30. apríl 2010, sagði Edda Bjarnadóttir, [...], upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri Karls K. Karlssonar hf. Að samkomulagi hefur orðið á milli stjórnar Karls K. Karlssonar hf. og Eddu að hún láti af störfum sem framkvæmdastjóri frá og með 1. júní 2010. [...] Edda Bjarnadóttir staðfestir að hún á engar frekari kröfur á hendur Karli K. Karlssyni, og Hákon Björnsson, stjórnarmaður staðfestir fyrri hönd stjórnar að félagið á engar frekari kröfur á hendur

Eddu.“ Í þriðja lagi liggur fyrir fundargerð Engjasmára ehf., dags. 7. júní 2010. Í upphafi fundargerðarinnar kemur fram að hluthafafundurinn sé „vegna breyttrar eignaraðildar“, en þar var m.a. tekin ákvörðun um að breyta nafni félagsins í Podium Imports ehf. og breyta tilgangi félagsins. Kærandi er meðal þeirra sem rita undir fundargerðina „f.h. nýkjörinnar stjórnar“.

NIÐURSTAÐA

112. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri niðurstöðu Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með miðlun og hagnýtingu atvinnuleyndarmála Karls K. Karlssonar ehf., en hin kærða ákvörðun kom til vegna kvörtunar félagsins, sem kærandi starfaði áður hjá (til styttingar er hér tíðast vísað til Karls K. Karlssonar ehf. sem kvartanda). Voru ákvörðunarorðin svohljóðandi: „[Kærandi] hefur brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að: • vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá [kvartanda], • veita fulltrúum Bodegas Faustino nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu [kvartanda] og gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins og hagnýta sér þær upplýsingar til þess að vísa á Podium Import ehf. og • fullyrða við starfsmann A-B Inbev, viðskiptavin [kvartanda], að gjaldþrot blasi við [kvartanda]. Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er [kærandi] bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá [kvartanda].“
113. Ákvæðin sem nú er að finna í 16. gr. c laga nr. 57/2005 hafa lengi verið í lögum hér á landi. Þannig hafði 35. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 að geyma orðrétt samhljóða ákvæði, ef frá er talinn tiltekinn munur á framsetningu 4. mgr. greinanna. Í 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 voru síðan ákvæði sem eru orðrétt samhljóða núgildandi ákvæðum. Í greinargerðum með þeim frumvörpum sem urðu að lögum nr. 56/1978 og 8/1993 var tekið fram að umræddar reglur væru reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felast í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra er snerta sérstaklega samkeppnisstöðu sé haldið leyndum, þ.e. að upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna. Þeir hagsmunir sem ákvæðin vernduðu væru atvinnuleyndarmál, en hugtakinu væri bæði ætlað að taka til rekstrarleyndarmála og verslunar- eða viðskiptaleyndarmála. Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 56/1978 sagði um síðarnefndu leyndarmálin: „Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál, [...], geta verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum. Ennfremur geta markaðsrannsóknir, rekstrarniðurstöður og tölfræðilegar upplýsingar verið viðskiptaleyndarmál. Sama er að segja um söluáætlanir og þann tíma, þegar ákveðið er að hefja ákveðna auglýsingaherferð. Ýmislegt fleira mætti nefna, en þetta verður látið nægja.“ Í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 8/1993 sagði með svipuðum hætti að slík leyndarmál gætu „t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavini, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl.“
114. Í áður nefndum frumvörpum var einnig tekið fram að almenn þekking og reynsla, sem starfsmaður hagnýtir við störf sín, geti ekki talist til atvinnuleyndarmála, heldur þurfi að liggja fyrir þekking

sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfsemina. Þá verði að gera þær kröfur, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggi í hlutarins eðli. Þess skal einnig getið að Hæstiréttur hefur tekið fram, sbr. Hrd. 5. júní 2008 (334/2007), að við mat á því hvort um brot gegn 2. mgr. umræddrar greinar sé að ræða verði „meðal annars að líta til þess hversu almenns eðlis viðkomandi upplýsingar eru, á hve margra vitorði þær eru og hversu auðvelt sé fyrir utanaðkomandi mann að afla sér þeirra“.

115. Umrædd ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 eru sett fram í fjórum málsgreinum. Í 1. mgr. kemur fram að óheimilt sé í atvinnustarfsemi sem lögin taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar. Í 2. mgr. segir síðan að sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., megi ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildi í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið. Í 3. mgr. segir síðan að þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þessa háttar sé óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar. Í 4. mgr. segir loks að hafi upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1.-3. mgr. sé þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér þær í nyt. Sem fyrr segir komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c og bannaði honum með vísan til 4. mgr. 16. gr. c, sem og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga, að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá kvartanda. Í 2. mgr. 21. gr. b segir m.a. að Neytendastofa geti gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við VI. kafla, sem 16. gr. c er hluti af, og að aðgerðir Neytendastofu geti falið í sér bann.

116. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn framangreindum ákvæðum, með miðlun eða hagnýtingu atvinnuleyndarmála, reynir eðli málsins samkvæmt oft á það hvort fyrirliggjandi gögn og upplýsingar teljist sanna slíka miðlun eða hagnýtingu. Aðstaða stjórnvalda og dómstóla við slíkt mat er að nokkru marki ólík, m.a. vegna tilvistar rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sem og ólíkra reglna um skýrslutökur af aðilum og vitnum. Málsmeðferð stjórnvalda er almennt skrifleg og rannsókn málsins grundvallast þá á þeim hlutlægu gögnum sem fyrir liggja og fram koma í málinu. Af rannsóknarreglunni leiðir að stjórnvöld verða í slíkum tilvikum að sjá til þess að nægjanleg gögn liggi fyrir og málsatvik séu það ljós að hægt sé að taka ákvörðun í máli. Um leið felst í reglunni að stjórnvöld geta ekki komist hjá því að rannsaka mál á viðhlítandi hátt með því að beita sönnunarreglum í stað rannsóknar. Á hinn bóginn er ljóst að stjórnvöldum er almennt ekki heimilt að synja um að taka mál til efnismeðferðar og taka í því ákvörðun á þeim grundvelli að málsatvik séu óljós eða umdeild, enda væri málsaðilum þá í lófa lagið að koma í veg fyrir umfjöllun stjórnvalda með því einu að mótmæla staðhæfingum sem fram hafa komið um málsatvik. Af rannsóknarreglunni og þeim lögbundnu verkefnum sem stjórnvöldum eru falin kann þannig oft að leiða að stjórnvaldi sé skylt að leggja mat á fram komnar upplýsingar um atvik máls og hvað teljist sannað í því efni hverju sinni. Sú er raunin þegar aðilar deila um það fyrir Neytendastofu hvort brotið hafi verið gegn reglum 16. gr. c laga nr. 57/2005 og gripið skuli til

aðgerða af því tilefni. Við beitingu umræddra samkeppnisréttarlegu reglna á stjórnáslustugi verður að líta til þeirra sjónarmiða sem lögð hafa verið til grundvallar í samkeppnisrétti, sbr. fyrirbyggjandi stjórnáslu- og dómaframkvæmd af sviði Samkeppniseftirlitsins. Þannig gildir meginreglan um frjálst mat sönnunargagna, en því felst að meta verður hverju sinni hvort nægilega liggja fyrir að atvik hafi gerst eða að atriði sé með tilteknum hætti, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og vitneskju um viðkomandi efni. Við matið verður að virða fyrirbyggjandi gögn með heildstæðum hætti og miða við að gögn sem rituð eru á þeim tíma sem atvik gerðust, án tengsla við síðari rannsókn, hafi almennt ríkt sönnunargildi. Þá ber að hafa í huga að sönnunarkröfur í stjórnáslumáli um það hvort brotið hafi verið gegn 16. gr. c og háttsemi skuli bönnuð af þeim sökum eru ekki eins ríkar og í refsímáli um slíka háttsemi.

117. Ekki er fullt samræmi í því hvernig niðurstöðum Neytendastofu er lýst í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar annars vegar og ákvörðunarorðum hins vegar. Hin efnislega niðurstaða, sem áfrýjunarnefnd neytendamála hefur samkvæmt reglum stjórnásluréttar fullt endurskoðunarvald á, var sú að gögn málsins bæru með sér brot kæranda gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og því skyldi lagt á hann bann samkvæmt 4. mgr. 16. gr. c, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. Eins og málið liggur fyrir verður áfrýjunarnefnd neytendamála í fyrsta lagi að taka afstöðu til þess hvort lagt verði til grundvallar að kærandi hafi miðlað og hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda í andstöðu við 2. og 3. mgr. 16. gr. c á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri kvartanda. Í öðru lagi hvort lagt verði til grundvallar að hún hafi miðlað og hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda í andstöðu við framangreind ákvæði eftir að hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri kvartanda.
118. Að því er fyrirnefnda atriðið snertir skal í upphafi tekið fram, vegna sjónarmiða kæranda í þá veru að bannið í 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 gildi aðeins eftir að starfi lokið, að sú er ekki raunin. Af framsetningu ákvæðisins og lögskýringargögnum er ljóst að 2. másl. 2. mgr. 16. gr. c mælir fyrir um að það bann sem um ræðir í 1. másl. 2. mgr. 16. gr. c gildi áfram í þrjú ár eftir að starfi er lokið, en felur ekki í sér að umrætt bann eigi ekki við meðan á starfinu stendur. Þannig sagði t.a.m. í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 56/1978 að lagt sé til að þagnarskyldan sem ákvæðið mælir fyrir um „haldist í 3 ár, frá því að starfi lýkur“. Sambærileg ummæli er að finna í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 8/1993 og sama niðurstaða verður leidd af dómaframkvæmd, sbr. m.a. Hrd. 5. nóvember 2009 (98/2009). Samkvæmt því er ljóst að kæranda var óheimilt, án heimildar, að veita upplýsingar um eða hagnýta sér atvinnuleyndarmál kvartanda, meðan á starfi hennar sem framkvæmdastjóra kvartanda stóð.
119. Þegar litið er til fyrirbyggjandi gagna verður að telja ótvírætt að fyrir hafi legið af hálfu kæranda, áður en hún hætti störfum hjá kvartanda þann 1. júní 2010, að hún gengi til liðs við það félag sem þá hét Engjasmári ehf. en breyttist í Podium Imports ehf. með samþykkt hluthafafundar þess þann 7. júní 2010. Í því sambandi athugast m.a. að í bréfi sínu til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2011, tók kærandi m.a. fram að á fundi með Bodegas Faustino þann 27. maí 2010 hafi hún getið þess „að hún væri um það bil að hætta störfum fyrir KKK og að hún væri að hefja störf fyrir Podium Imports ehf.“ Í ljósi fyrirbyggjandi gagna verður jafnframt að leggja til grundvallar að kærandi hafi verið orðinn hluthafi og unnið að undirbúningi að þeim breytingum sem samþykktar

voru á félaginu á hluthafafundinum 7. júní 2010 meðan hún starfaði hjá kvartanda. Í því sambandi athugast m.a. að í fyrirbyggjandi glærुकynningu kæranda og [X] vegna áðurnefnds fundar með Bodegas Faustino þann 27. maí 2010 er félagið Podium Imports ehf. kynnt og vísað til þess að kærandi eigi 33,3% í félaginu. Þannig segir m.a. „Við höfum nú þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni“ og í lýsingu á eigendum Podium Imports ehf. kemur fram að „EB“, sem felur í sér augljósa tilvísun til kæranda, eigi 33,3%. Óumdeilt er að kærandi vann að umræddri glærुकynningu, þótt deilt sé um hvort kynningin hafi verið sýnd eða efni hennar verið uppistaða fundarins, en líkt og áður var rakið verður að miða við að gögn sem rituð eru á þeim tíma sem atvik gerðust, án tengsla við síðari rannsókn, hafi almennt ríkt sönnunargildi. Þau orð í kærnu, að kærandi telji „líklegt að átt hafi verið við glærुकynninguna af hálfu KKK etir að hún skilaði inn tölvu sinni til fyrirtækisins“, geta ekki breytt sönnunargildi skjalsins. Í upphaflegu svari kæranda við kvörtuninni, dags. 28. febrúar 2011, komst kærandi öðruvísi að orði að þessu leyti, þ.e. tók fram hún vildi „ekki útiloka að átt hafi verið við skjalið og því breytt“. Hún hefur á engan hátt útskýrt framangreind orð frekar, t.d. með lýsingu á því hvað hún telji að átt hafi verið við, og slík almenn og einhliða fullyrðing, sem engan stuðning fær í fyrirbyggjandi gögnum málsins, getur ekki leitt til þess að skjalið eins og það liggur fyrir verði ekki talið stafa frá kæranda. Niðurstaðan um aðkomu kæranda að félaginu áður en hún lauk störfum hjá kvartanda fær einnig stuðning í öðrum fyrirbyggjandi gögnum, m.a. í því sem fyrir liggur um aðkomu hennar að hluthafafundinum 7. júní 2010 og lýsingu hennar í tölvupósti til starfsmanns AB Inbev í september 2010 á því hvernig hún hafi ákveðið að stofna sitt eigið fyrirtæki.

120. Á hitt er að líta að ákvæði 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 banna miðlun og hagnýtingu þeirra upplýsinga sem ákvæðin taka til. Þau verða hins vegar ekki talin hafa falið í sér bann við því að kærandi tæki ákvarðanir um væntanlegan starfsvettvang sinn eftir að störfum hennar hjá kvartanda lyki eða ætti aðkomu að öðrum félögum en kvartanda, svo fremi sem slík aðkoma fól ekki í sér hagnýtingu eða miðlun án heimildar á atvinnuleyndarmálum kvartanda eða öðrum þeim upplýsingum sem undir ákvæðin falla. Samkvæmt því er ekki unnt að fallast á sjónarmið Neytendastofu í þá veru að það hafi sem slíkt brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 að kærandi hafi unnið að undirbúningi að nýjum tilgangi og samþykktum Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri kvartanda, heldur verður niðurstaða málsins að þessu leyti að ráðast af því hvort hún hafi með framangreindri aðkomu og undirbúningi miðlað án heimildar eða hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda eða aðrar þær upplýsingar sem 16. gr. c tekur til.
121. Þegar litið er til fyrirbyggjandi gagna með tilliti til framangreinds verður ekki talið að fyrir liggja brot kæranda gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c fram til 1. júní 2010 nema í tengslum við fund hennar og [X] með birginum Bodegas Faustino þann 27. maí 2010. Í því sambandi skal tekið fram að áfrýjunarnefnd neytendamála telur ekki unnt að leggja til grundvallar að ráðning [X] til kvartanda verði talin hafa falið í sér brot kæranda gegn framangreindum ákvæðum, enda verður raunar ekki séð að Neytendastofa hafi á endanum látið það ráða úrslitum um niðurstöðuna, þótt að þessu atriði sé vikið í ákvörðuninni. Á hinn bóginn verður að telja að fyrirbyggjandi gögn beri með sér að kærandi hafi brotið gegn áðurnefndum ákvæðum í tengslum við fund hennar og [X] með Bodegas Faustino þann 27. maí 2010, eins og nánar verður nú vikið að.

122. Meðal skjala málsins er sem fyrr segir glærुकyning og leggja verður til grundvallar að skjalið eins og það liggur fyrir stafi frá kæranda. Skjalið er skýrlega merkt umræddum fundi, enda ber titilsíða kynningarinnar fyrirsögnina „Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010“ og nöfn kæranda og [X]. Í skjalinu koma fram margvíslegar og afar viðkvæmar upplýsingar um kvartanda, líkt og lýsingin á efni þess í 106. til 109. mgr. að framan ber með sér. Þar er m.a. fjallað ítarlega um vanskil og bága fjárhagslega stöðu kvartanda, fjallað um störf stjórnarformanns hans og þeim hallmælt, og tekið fram að það sé útséð að félaginu verði ekki bjargað frá gjaldþroti. Enginn vafi er á því að skjalið inniheldur upplýsingar sem falla undir hugtakið atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005, sbr. það sem áður greinir um lögskýringargögn og réttarframkvæmd í 113. og 114. mgr., enda inniheldur það m.a. afar viðkvæmar upplýsingar um rekstrarstöðu og fjárhag fyrirtækisins. Þá er ljóst að krafa um leynd hafði verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins, sbr. 5. gr. starfssamnings kæranda og kvartanda þar sem m.a. kemur fram að kærandi heiti þagnarskyldu varðandi þau atriði sem hún kann að öðlast í starfi sínu um fyrirtækið. Þá verður raunar einnig að telja að það liggir í hlutarins eðli að ætlast sé til leyndar að umræddu leyti. Kærandi hefur mjög byggt á því að sem framkvæmdastjóri kvartanda hafi hún ekki bara haft fullt umboð, heldur hafi það verið skylda hennar að upplýsa Bodegas Faustino um fjárhagsstöðu og horfur kvartanda. Þótt fallast megi á að kærandi sem framkvæmdastjóri kvartanda hafi haft heimild til að veita upplýsingar að vissu marki um fjárhagsstöðu kvartanda er ófært að leggja til grundvallar að sú heimild hafi náð til þeirra atriða sem að framan greinir, m.a. að heimild hennar sem framkvæmdastjóri kvartanda hafi staðið til framsetningu þeirra margvíslegu viðkvæmu og neikvæðu upplýsinga um kvartanda sem síðan var fylgt eftir með fullyrðingu um að félaginu yrði ekki bjargað frá gjaldþroti. Verður raunar að telja augljóst að slík miðlun hefði ekki verið samþykkt af hálfu kvartanda. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að skjalið eins og það liggur fyrir beri með sér veitingu upplýsinga um atvinnuleyndarmál án heimildar.
123. Aðrir þættir umrædds skjals bera síðan með sér hagnýtingu kæranda á þeim viðkvæmu upplýsingum sem áður eru þar fram settar og hinni sérstöku þekkingu á birginum og skipulagi viðkomandi viðskipta sem kærandi bjó yfir vegna starfs síns hjá kvartanda, en samkvæmt því sem áður var rakið í 113. mgr. teljast atriði í síðargreinda veru einnig til atvinnuleyndarmála. Þannig notar kærandi hinar neikvæðu upplýsingar um kvartanda sem og umrædda þekkingu sína til að hvetja viðkomandi birgi til að segja upp viðskiptasambandi sínu við kvartanda og hefja viðskipti við Podium Imports ehf. Þannig segir, eftir að væntanlegu gjaldþroti kvartanda hefur verið lýst, að kærandi og [X] segi að þá sé komin sé upp ákveðin staða fyrir þau sem stjórnendur og þá sem stóran birgi með mikla markaðshlutdeild á Íslandi og leggi fram tillögur sínar. Síðari hluti skjalsins hefur síðan að geyma kynningu á Podium Imports ehf. og síðustu tvær glærurnar hafa að geyma einskonar aðgerðaráætlun þar sem m.a. eru nefndar dagsetningar í júní á „Contract Podium“ og „Termination KKK“. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að skjalið eins og það liggur fyrir beri með sér hagnýtingu kæranda á upplýsingum sem njóta verndar 16. gr. c laga nr. 57/2005. Tekið skal fram í því sambandi, vegna sjónarmiða kæranda, að ef fyrir liggur að starfsmaður hefur hagnýtt sér atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c skiptir ekki máli hvort áform hans að öðru leyti hafa gengið eftir. Þannig getur engum úrslitum ráðið þótt tillagan í skjalinu hafi ekki gengið eftir svo sem hún var sett fram.

124. Kærandi mótmælir því að glærुकyningin hafi verið sýnd á umræddum fundi og að efni hennar hafi verið uppistaða fundarins. Þegar litið er til framangreinds skjals virðist ljóst að glærुकyningin er að hluta til ókláruð auk þess sem hluti hennar er á íslensku. Því verður að telja óljóst hvort skjalið eins og það liggur fyrir hafi sem slíkt verið sýnt á fundinum. Á hinn bóginn verður í ljósi fyrirbyggjandi gagna að leggja til grundvallar að efni skjalsins hafi verið uppistaða fundarins. Þannig ber umrætt skjal í öllu falli skýrlega með sér hvaða upplýsingum kærandi hugðist miðla á fundinum í aðdraganda hans. Þá er ljóst að þótt kærandi byggji á því að glærुकyningin hafi ekki verið sýnd og ekki verið uppistaða fundarins þá hefur hún lýst því að efni hennar hafi þar a.m.k. að nokkru leyti verið rætt. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2011, lýsir kærandi því þannig m.a. að á fundinum hafi verið „farið yfir mjög alvarlega skuldastöðu KKK gagnvart Faustino og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum að viðskipti héldu áfram milli aðila“ og að hún hafi getið þess „að hún væri um það bil að hætta störfum fyrir KKK og að hún væri að hefja störf fyrir Podium Imports ehf.“ Í kæru er komist svo að orði að efni glærुकyningarinnar hafi „ekki nema að mjög litlum hluta [verið] rætt á fundinum með Bodegas Faustino og ekki í samhengi við annað efni í henni“. Það sem sannarlega hafi verið rætt hafi verið „almenn fjárhagsmálefni KKK“, farið hafi verið yfir „mjög alvarlega skuldastöðu KKK gagnvart Faustino og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum að viðskipti héldu áfram milli aðila“. Fundurinn var haldinn örfáum dögum áður en kærandi hætti störfum hjá kvartanda og eftir að hún hóf aðkomu sína að hinu félaginu samkvæmt framangreindu, sbr. m.a. það sem greinir í skjalinu um að hún hafi „þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni“. Þá er óumdeilt að [X] var með henni á fundinum en hann er í skjalinu kynntur sem hinn lykilaðilinn í hinu nýja félagi, var u.þ.b. að hætta eða þegar hættur störfum hjá kvartanda þegar fundurinn átti sér stað og ráðinn framkvæmdastjóri Podium Imports ehf. örfáum dögum síðar. Í ljósi þessa og annarra fyrirbyggjandi gagna verður sú skýring kæranda ekki talin trúverðug að efni fundarins hafi aðeins lotið að því hvaða leiðir væru færar til að viðskipti héldu áfram á milli Bodegas Faustino og kvartanda, enda engin fyrirbyggjandi gögn sem styðja þá skýringu. Þvert á móti bendir það skjal sem kærandi tók saman í aðdraganda fundarins skýrlega til miðlunar og hagnýtingar atvinnuleyndarmála af hennar hálfu og önnur fyrirbyggjandi gögn verða að teljast styðja þá niðurstöðu. Þá rímar framangreind skýring kæranda raunar býsna illa saman við hennar eigin fullyrðingu í þá veru að það hafi legið ljóst fyrir í aðdraganda fundarins að kvartanda yrði ekki bjargað frá gjaldþroti. Í ljósi þeirra reglna um sönnun sem hér gilda og áður voru raktar í 116. mgr., m.a. um að virða verði fyrirbyggjandi gögn með heildstæðum hætti og miða við ríkt sönnunargildi þeirra gagna sem rituð voru á þeim tíma sem atvik gerðust, verður samkvæmt þessu að leggja til grundvallar að kærandi hafi miðlað og hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda á fundi með fulltrúum Bodegas Faustino þann 27. maí 2010.

125. Að því er síðarnefnda atriðið snertir, þ.e. hvort lagt verði til grundvallar að kærandi hafi miðlað og hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda í andstöðu við 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 eftir að hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri kvartanda, kemur ekki annað til athugunar en hvort tölvupóstur hennar til starfsmanns AB InBev í september 2010 hafi brotið gegn ákvæðunum. Í því sambandi athugast að Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að samningar

milli Podium Imports ehf. og Maxxium, Stroh og Babco Ltd. væru ekki til þess fallnir að vera brot á 16. gr. c laga nr. 57/2005.

126. Að efni umrædds tölvupósts til starfsmanns AB InBev var áður vikið í 110. mgr. Þar segir m.a.: „[...]“

“

127. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála fer ekki á milli mála að með umræddum tölvupósti hafi kærandi miðlað og hagnýtt sér upplýsingar sem falla undir hugtakið atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c laga nr. 57/2005, sbr. það sem áður greinir um lögskýringargögn og réttarframkvæmd í 113. og 114. mgr. Þannig inniheldur tölvupósturinn viðkvæmar fjárhagslegar upplýsingar um stöðu stjórnarformanns og stærsta hluthafa kvartanda en um leið félagsins. Fallast verður á það með Neytendastofu að ekki sé unnt að leggja til grundvallar að hér hafi eingöngu verið um að ræða umfjöllun um persónuleg fjárhagsmálefni stjórnarformannsins sem ótengd sé þeirri vernd sem kvartandi nýtur samkvæmt framangreindum ákvæðum. Kærandi sjálf tengir enda skýrlega stöðu og aðgerðir stjórnarformannsins stöðu félagsins í umræddum tölvupósti. Þannig er fjárhagsstaða stjórnarformannsins rakin af nákvæmni sem og atriði er snerta félagið sem slíkt, t.d. hvernig [...]

og því lýst að bæði stjórnarformaðurinn og kvartandi séu á leiðinni í gjaldþrot og að kærandi vilji aðstoða með hinu nýja fyrirtæki sínu, sem sé mjög fjársterkt. Þannig felur tölvupósturinn bæði í sér miðlun verndaðra upplýsinga en um leið hagnýtingu þeirra, auk þeirrar sérstöku þekkingar sem kærandi bjó yfir vegna starfa sinna hjá kvartanda.

128. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að með umræddum tölvupósti hafi kærandi miðlað og hagnýtt sér atvinnuleyndarmál kvartanda í andstöðu við 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Í því sambandi athugast jafnframt að í 5. gr. starfssamnings kæranda og kvartanda var sérstaklega tekið fram að sú þagnarskylda sem þar var kveðið á um gildi einnig eftir að kærandi hefði látið að störfum hjá kvartanda, auk þess sem það verður raunar einnig að telja liggja í hlutarins eðli að ætlast sé til leyndar um þær viðkvæmu fjárhagslegu upplýsingar sem kærandi miðlaði og hagnýtti sér með tölvupóstinum. Að vísu má fallast á það með kæranda að sú staðhæfing ein og sér að kvartandi væri á leið í gjaldþrot, hafi á þessu tímapunkti, þegar kærandi var hætt störfum hjá kvartanda og komin í samkeppni við hann, ekki talin fela í sér brot gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Slíkt breytir hins vegar engu um að miðlun og hagnýting þeirra upplýsinga sem lágu til grundvallar þeirri ályktun kæranda fól í sér brot gegn umræddum ákvæðum.
129. Samkvæmt framangreindu telur áfrýjunarnefnd neytendamála að kærandi hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 með því að miðla og hagnýta sér atvinnuleyndarmál kvartanda á fundi með Bodegas Faustino þann 27. maí 2010 og í tölvupósti til starfsmanns AB Inbev í september 2010. Af því leiðir um leið að staðfest verður bann í þá veru sem Neytendastofa lagði á. Ekki er unnt að fallast á að málsmeðferð Neytendastofu hafi brotið gegn reglum stjórnisýsluréttar, svo sem rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 eða andmælareglu 13. gr. sömu laga, né gegn grunvallarmannréttindum kæranda. Rannsókn málsins laut að öflun skriflegra gagna frá kæranda og kvartanda og kæranda gafst ítarlegur kostur á að leggja fram gögn af sinni hálfu og tjá sig að öðru leyti. Sem fyrr segir bera þau gögn sem fyrir lágu að lokinni rannsókn með sér nánar tiltekin brot kæranda gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 og ekki verður talið að rannsókn hafi verið ófullnægjandi að því leyti. Þá getur tilvist og efni fyrirbyggjandi starfslokasamnings frá 7. júní 2010 engu breytt um að framangreind háttsemi kæranda braut gegn 16. gr. c laga nr. 57/2005, auk þess sem glærुकynningin vegna fundarins með Bodegas Faustino virðist raunar ekki hafa orðið kvartanda ljós fyrir en síðar og tölvupósturinn til starfsmanns AB InBev kom ekki til fyrir en í september 2010. Á hinn bóginn telur áfrýjunarnefnd neytendamála ekki efni til að verða við þeirri kröfu sem kvartandi hefur sett fram þess efnis að Neytendastofu verði gert að framsenda málið til lögreglunnar til frekari rannsóknar og ákærumeðferðar. Í því sambandi skal bent á að lög nr. 57/2005 hafa engin ákvæði að geyma um kærur Neytendastofu til lögreglu og ólíkt því sem á við um Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið er rannsókn lögreglu á brotum gegn lögum nr. 57/2005 ekki háð því að kæra hafi áður komið fram frá Neytendastofu. Kvartanda er því fyllilega fært að beina slíkri kæru beint til lögreglu telji hann ástæðu til.
130. Samkvæmt öllu framangreindu telur áfrýjunarnefnd neytendamála að um brot hafi verið að ræða af hálfu kæranda, þótt brotin séu ekki jafn víðtæk og Neytendastofa lagði til grundvallar í hinni kærðu ákvörðun. Því verður brotunum sérstaklega lýst í úrskurðarorðum en ákvörðunin að öðru leyti felld úr gildi. Í því sambandi áréttast á ný fullt endurskoðunarvald áfrýjunarnefndar neytendamála, sem æðra setts stjórnvalds, á efnislegri niðurstöðu Neytendastofu, sbr. reglur stjórnisýsluréttar þar um.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kærandi, Edda Bjarnadóttir, braut gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 með miðlun og hagnýtingu atvinnuleyndarmála Karls K. Karlssonar ehf. á fundi með fulltrúum Bodegas Faustino þann 27. maí 2010 og með tölvupósti til starfsmanns AB InBev í september 2010.

Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c og 2. mgr. 21. gr. b sömu laga er kæranda bannað að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá Karli K. Karlssyni ehf.

Að öðru leyti er hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson